

## Kafli 1 - Þjóðhagsreikningar

### Verg landsframleiðsla (GNP)

Heildra markaðsvirði allra "lokagæða" (vöru og þjónustu), sem framleitt er á gefnu tímabili (oftast eitt ár)

### Hvað reiknast inn í VLF?

- **VLF telur aðeins vörur og þjónustu sem lokaneytendur kaupa**  
Þetta er gert til þess að við teljum sömu vöruna aðeins einusinni, í stað

voru við framleiðsluna.

- **Framleiddar voru á tímabilinu**
- **Fjármála-millifærslur og tekjutilfærslur eru ekki taldar með**

um að ræða skipti á eignum en ekki verðmætasköpun. Millifærslur eru þannig að auður annars minnkar meðan auður hins eykst. Nettó ábati fyrir þjóðfélagið

### Tvær leiðir til að reikna VLF

#### Ráðstöfunaraðferð (Expandature approach) (markaðsvirði)

$VLF = C(\text{Einkaneysla}) + G(\text{Samneysla}) + I(\text{Fjámunamynd}) + B(\text{Birgða- og bústofnabreytingar}) + X(\text{Útflutningur}) - M(\text{Innflutningur})$

$VPF = VLF + Le(\text{Launatekjur frá útlöndum, nettó}) + He(\text{Eigna- og atvinnurekstrartekjur frá útlöndum, nettó})$  (spurning? - erl þáttgjöld)

- **Einkaneysla**  
Raunveruleg og reiknuð útgjöld heimilanna v/kaupa á varanlegum og óvaranlegum vöru og þjónustu. Íbúðakaup er það eina sem telst til fjárfestinga. Heimilum eru reiknuð árleg afnot (leiguígildi) af íbúðum sem er talið með í einkaneyslunni.
- **Verg fjármunamyndun**  
Hér eru taldar allar nettó nýjar fjárfestingar og replacement of machinery, equipment and buildings worn out during the year. Einnig verður að líta á óseldar vörur í lok árs sem fjárfestingu (Birgðir) þar sem þær gera tilkall til framtíðarábata.
- **Kaup ríkisins**  
Bæði neysla og fjárfesting. Millifærslur ríkisins eru ekki teknar með
- **Nettó útflutningur**  
= Heildarútflutningur - heildarinnflutningur. Tala þessi getur verið annaðhvort jákvæð eða neikvæð

Verg landsframleiðsla að viðbættum viðskiptakjaraáhrif.

### Viðskiptakjaraáhrif

$X =$  Útflutningur,  $P_x =$  Verð útflutnings,  $P_m =$  Verð innflutnings.

### Framleiðslureikningur

- Aðföng  
= Vinnsluvirði/virðisauki (markaðsvirði) VLF

+ niðurgreiðslur  
= Vergar þáttatekjur (tekjuvirði)

- Afskriftir  
= Rekstrarafgangur

$VLF = L_h(\text{Laun og launatengd gjöld}) + H_h(\text{Rekstrarafgangur}) + D(\text{Afskriftir}) + T_i(\text{Óbeinir skattar}) - S(\text{Framleiðslustyrkir})$

beinar greiðslur til framleiðandans s.s.:

- T.d. söluskattur o.fl.
- Vélar og mannvirki eru notuð til framleiðslu og afskriftir eru kostnaður við framleiðsluna.

### Nettó

#### landsframleiðslu.

tímanum. Það gerir Nettó LF, sem segir til um raunverulega aukningu í fjármagni þjóðfélagsins.

Gildi efnahagsbreyta eins og VLF sett fram á núverandi verði. Verðbólga hækkar þessar breytur þótt engin vermætaaukning hafi átt sér stað.

Gildi efnahagsbreyta eftir að þær hafa verði færðar á fast verðlag.

### GNP Deflector

*Erfiðleikar við notkun VLF sem mælistiku*

VLF er ekki fullkomin mælistika á framleiðslu og tekjur, því í VLF útreikningum er ekki tekið tillit til alls konar hliðaráhrifum. VLF telur ekki:

- framleiðslu sem ekki eru á markaði (húsmæður?)
- framleiðslu sem er í neðanjarðarhagkerfinu
- ánægju og líkamlegan/andlegan kostnað
- gæðabreytingar og tilkomu nýrra vara (verðbólga metin vitlaust)
- slæmar afleiðingar, s.s. eyðing náttúruauðlinda

**MEW (Measure of economic wealthfare)**

Mælistika sem leitast við að mæla hag einstaklinga í efnahaginum. MEW er mælt þannig að VLF er tekið og: (1) bætt er við kostnaði vegna eyðingu náttúruauðlinda og annarra slæmra áhrifa, (2) Eyðslu í eftirsjáanlegar nauðsynjar s.s. lögreglu og her er dregin frá og (3) Áætlað gildi vara sem ekki eru á markaði er lagt við.

**Landstekjur (National income)**

Heildar greiðslur til eigenda auðlinda (Mannauðs og fastafjármuna) á gefnu tímabili. Þetta er einnig = NPF-Óbeinir skattar

**Einstaklingstekjur**

Heildartekjur til einstaklinga sem fer í neyslu, sparnað og greiðslu einstaklingsskatta.

*Kaflí 6 - yfirlit*

1. Skipting þjóðarútgjalda, þróun og skýringar
2. Skiptings þáttatekna, þróun og skýringar
3. Skipting eftir atvinnugreinum
4. Fastafjármunir og mannaúður.

*Útgjöld*

- Reiknuð á föstu verðlagi (verðbreytingar eru mismunandi eftir löndum)
- Kaupmáttarleiðrétt (PPP, Purchasing power parity)
- Aldursleiðrétt

Þetta er gert þannig að tölur séu samanburðarhæfar milli landa.

## Kafli 7 - Hagsveiflur, atvinnuleysi og Verðbólga

### Spurningar bls 156

- Hagsveifla og stærð hennar
- Ástæður og tegundir atvinnuleysis
- Full atvinna og eðlilegt atvinnustig
- Skaðsemi verðbólgu
- Væntingar
- Hagvaxtarsamanburðir milli þjóðar

Þrjú mikilvægustu vísarnir að gengi efnahagsins eru: **VLF, atvinnuleysi og verðbólga.**

### Hagsveiflur

#### Hagsveiflan skilgreind (business cycles)

Flókt í venjulegu stigi efnahagslífs. Hagsveiflurnar eru oft mældar með breytum eins og atvinnuleysi og breytingum í verg landsframleiðslu

#### Hallæri (Recession)

Niðursveifla í efnahagslífi. Hægt er að greina hallæri með minnkandi VLF og auknu atvinnuleysi. Til að vera enn nákvæmari hafa margir skilgreint hallæri sem tvo samstæða ársfjórðunga sem VLF minnkar

#### Kreppa (Depression)

Framlengt og mjög alvarlegt hallæri Dæmi kreppan mikla 1929-1933

Það sem fólk telur að valdi hagsveiflum hér á Íslandi er stærð þoskstofnsins. En 7 af hverjum 10 hagsveiflum koma erlendis frá, m.a. vegna breytinga olíuverðs, eftirspurnarbreytinga í Bandaríkjunum o.fl. Eitt viðfangsefni hagfræðinnar er að skoða hvort viðbrögð við sveiflunni er með besta móti eða ekki.

1975-1980 var hagsveiflan að meðaltali 3 ár. Ef það kom slæmt ár gat komið gott ár strax á eftir. Helgi Tómasson bar saman hagsveifluna hér við hagsveiflur í öðrum löndum. 1960-1989 sýndi það sig að hagsveiflan var mjög löng í sumum löndum (t.d Japan 15 ár). Ef við tökum fyrri hluta (60-75) og berum saman við Noreg, berst sveiflan meira hér en í Noregi, en á seinni hluta var sveiflan minni. Það sem getur haft áhrif á það er aukinn þáttur olíu í hagkerfi Norðmanna.

Eðli hagsveiflunnar á Íslandi er að breytast því sveiflurnar eru orðnar grynri nú orðið.

#### Ástæður:

- Við lifum við fiskveiðistjórnun. Það er ekki auðvelt að auka frávikin upp á við
- Búið er að opna þjóðfélagið meira. Samband milli kostnaðar og verðbreytinga orðið nánara.
- Atvinnuleysið er meira en 1-1.5%. Líklegt að það haldi launakostnaði í skefjum

- Frelsi á fjármangsmarkaðnum. Fólk hætt að spá í gengisbreytingar.
- Þjóðarsáttin (hvort sem hún er orsök eða afleiðing.) þýðir litlar launabreytingar

Áberandi er að stöðugleiki hefur verið mestur í Japan í framleiðsluaukningu og atvinnustigi. Í Bandaríkjunum hefur hagsveiflan meiri. Í USA hefur störfum fjölgað um 15-20 millj, en í Evrópu hefur þetta nánast staðið í stað. Fjölgun USA hefur átt sér stað í einkageiranum, en í evrópu mest í opinbera. Atvinnuleysi er 5% í USA en 10% í Evrópu. Það sem stendur upp úr er að í USA er hreyfanleiki á vinnuafli miklu meiri. Þar eru reglur um lágmarkslaun ekki eins strangar. Aukinn áhugi í Evrópu er að líkja eftir USA í þessu samhengi.

## Atvinnuleysi í hagsveiflunni

### Vinnuafl

Þeir sem eru **ekki** í vinnuafli eru þeir sem eru:

- **undir 16 ára aldri**
- **heimavinnandi**
- **eftirlaunaþegar**
- **óvinnufærir**

Vinnuaflið skiptist í þá sem eru vinnandi og þá sem eru ekki í vinnu. Ástæður fyrir atvinnuleysi:

- **Frá síðasta starfi (reknir) 33.4%**
- **Endurkoma (eru að koma aftur á markaðinn) 27.4%**
- **Hættir störfum 15.0%**
- **Vinnuhlé 14.8**
- **Nýliðar 9.5%**

### Atvinnuleysi

Hlutfall **vinnuafls** sem ekki eru í vinnu. (Fjöldi fólks í vinnu / fjöldi fólks í vinnuafli)

### Atvinnulausir

Hugtak þetta er notað til að skilgreina þá sem eru annaðhvort:

- a) Í leit að vinnu, eða b) bíða eftir því að byrja eða snúa aftur til vinnu

Þessi skilgreining hérna er stöðluð hjá International Labor Organization. Til að kanna fjölda atvinnulausra er lagður spurningarlisti fyrir ákveðið úrtak.

Félagsmálaráðuneyti reiknar atvinnuleysi með því að taka skráða atvinnuleysisdaga og deilda þeim með fjölda starfsdaga:  $\text{Atvinnuleysi} = \frac{\text{Fjöldi atvinnul daga}}{\Sigma \text{Starfsdagar}}$ . Þeir sem eru atvinnulausir en ekki skráðir hjá félagsmálaráðuneytinu koma því ekki fram í tölum um atvinnuleysi.

Atvinnuleysi má skipta í eftirfarandi undirflokk

- **Núningsatvinnuleysi (Frictional unemployment)**  
Þeir sem eru á milli starfa og sjá sér hag í því að fórna vinnudögum í leit að starfi sem skilar meiri tekjum. Aðalorsök þessa atvinnuleysis er skorturinn á upplýsingum, e.g. rétt í maðurinn í starfið veit ekki að starfið sé laust
- **Kerfisatvinnuleysi (Structural unemployment)**  
Breytingar sem eiga sér stað vegna þess að það eru umþot í atvinnulífinu. Verið er að leggja niður eina grein í atvinnulífinu og stofna aðra.
- **Hagsveifluatvinnuleysi (Cyclical unemployment)**  
Atvinnuleysi sem er tengt lægð í viðskiptaskilyrðum og ónægri heildareftirspurn eftir vinnandi fólki.
- **Full employment**  
Það atvinnustig sem skapast af afkastamikilli notkun vinnuaflsins að teknu tilliti til frictional atvinnuleysis og kerfisatvinnuleysis
- **Natural rate of unemployment (atvinnustig sem við getum haldið til lengri tíma)**  
Það meðaltalsatvinnuleysi  $v/n$ únings og kerfisaðstæðna sem vænta má í framtíðinni.

### Discouraged workers

Þeir sem hafa gefist upp á því að leita að vinnu, því þeir trúa því að frekari leit skili þeim engum árangri. Þessi hópur er ekki í tölu atvinnulausra. Það skekkir þó myndina að ef þeim væri boðin vinna væri fjöldinn allur sem myndi taka henni.

### Væntanleg framleiðni

Það stig framleiðslu sem væri hægt að halda stöðugu með tilliti til stærðar og afkasta vinnuafls og natural rate of unemployment.

### Verðbólga

Áframhaldandi ris í verðlagi vöru og þjónustu. Kaupmáttur gjaldmiðils rýrnar þegar verðbólga er í landi hans.

### Óvænt verðbólga (Unanticipated Inflation)

Verðlagshækkun sem var ekki væntanleg af flestum ákvörðunartökum.

### Væntanleg verðbólga

Aukning í verðlagi sem spáð var fyrir um af flestum ákvörðunartökum. Reynsla síðustu missera og staða dagsins í dag eru aðal áhrifavaldar þess hvort fólk búist við frekari verðbólgu eða ekki.

### Áhrif verðbólgu

Þegar raunveruleg verðbólga er meiri en væntanleg, græða lántakar á kostnað lánstofnanna.

### Escalator Clause

Ákvæðabundinn samningur sem lagar launakjör sjálfkrafa eftir verðbólgunni.

### *Hættur verðbólgu*

- Verðbólga getur ruglað langtímasamninga
- Ákvörðunartakar verja auðlindum í spáfjárfestingar (gull, silvur) í stað framleiðslufjárfestinga til varnar verðbólgu (gull, silvur)

### **Verðbólgukreppa (Stagflation)**

Kröftug verðbólga og hægur hagvöxtur.

## Kafli 8 - Introduction to basic Macro markets

### Fjármálastefna (Fiscal policy)

Hvernig stjórvöld nota skattinnheimtu- og útgjalda aðferðir til þess að ná þjóðhagfræðilegum markmiðum. (USA, stjórnaf af forseta og þingi)

### Peningamálastefna (Monetary policy)

Sú stjórn sem á sér stað í peningamagninu og lánsskilyrðum til þess eins að ná þjóðhagfræðilegum markmiðum. (USA stjórnaf af seðlabankanum)

### Peningamagn (Money supply)

Birgðir gjaldmiðils, inneign á tékkareikningum og ferðatékkar.

### Auðlindamarkaður (Resource market)

Inniheldur allar auðlindir: Vinnuafli, mannvirki, vélar, tæki. Vinnuaflið er stærsti hluti auðlindamarkaðsins

### Sparnaður (Saving)

Tekjur sem ekki fara í neyslu. Mælt sem flæði

### Lánamarkaðurinn

Hugtak notað til að lýsa markaðsöflum sem færa saman sparnað heimila og lánatöku fyrirtækja og ríkis. Sem dæmi um þáttakendur eru bankar, sparisjóðir, hlutabréfa- og spariskírteinamarkaðir, tryggingarfyrirtæki o.fl

### Gæðamarkaðurinn (Goods and Services Market)

Heildarmarkaður sem inniheldur öll viðskipti með lokavörur og þjónustu á ákveðnu tímabili. Þessi markaður inniheldur alla þá hluti sem teljast með í VLF.

### Heildareftirspurnarlínan (Aggregate Demand curve)

Lína sem sýnir öfugt samband milli verðs og magns. Lína þessi sýnir heildareftirspurnina á gæðamarkaðinum.

Ástæðurnar fyrir því að línan sýnir öfugt samband milli verðs og magns eru:

- **The Real Balance effect**  
Raunverulegur auður fólks með gefið peningamagn minnkar þegar verðlag eykts
- **The interest rate effect**  
Hærrí vextir vegna aukins peningaskorts draga úr fjárfestingu og neyslu
- **The International Substitution effect**  
Ef að verðlag lands eykst kaupa landarnir meira af hliðstæðum erlendum vörum.

### Skammtíma-Heildarframboðslínan (Short-run Aggregate Supply Curve)

Kúrva sem sýnir hversu mikið magn af gæðum væri í boði á markaðnum á hverju verðlagi á tímabilinu strax eftir verðbreytingu.

**Langtíma-Heildarframboðslínan (Long-run Aggregate Supply Curve)**

Sýnir sambandið milli magns gæða og verðlags eftir að ákvörðunatakar markaðsins hafa haft nægjanlegan tíma til að gera nýja samninga í ljósi upplýsinga af markaðinum. Hærra verðlag hefur ekki áhrif á samband verðs og magns þegar til lengri tíma er litið. Þegar fólk hefur breytt fullkomlega um stefnu, koma samkeppniskraftarnir verðog magn hlutfallinu í sama horf aftur

Munur milli skammtíma og langtímaframboðs er í megindráttum sá að til skamms tíma er erfitt að segja upp ýmsum bindandi samningum. Þetta heftir þáttakendur markaðsins. Einnig koma skammtímabirgðir inn í söguna.

**Langtímajafnvægi (Long term equilibrium)**

er þegar skammtíma-heildareftirspurn sker skammtíma-heildarframboð á langtímaframboðslínunni, þ.e. verðlagið er þannig að: skammtímaframboð = langtímaframboð. Þetta gæti aðeins skapast ef allir væru ánægðir með öll verð á markaðnum og allir byggjust við hinu sama í framtíðinni.

***Spurningar í dæmatímum*****Hvað gerist ef ríkisstjórnin lækkar vexti**

Eftirspurn eykst vegna aukinnar eftirspurnar eftir fjárfestingu. Neysla eykst líka því nú er óhagkvæmara fyrir heimilin að spara. Þetta gengur þó ekki ekki til langtíma þar sem langtímaframboð er lóðrétt. Framboð minnkar og verð færast á AS línuna. Við þetta aukna verð færast eftirspurnin niður aftur.

## Kafli 9 - Working with our basic AD/AD models

### *Það sem færir Heildareftirspurnarlínuna til er:*

- **Breytingar í þjóðarauði**  
Auðssukning eykur að öllu óbreyttu eftirspurn
- **Raunvaxtabreytingar**  
Vaxtabreytingar hafa áhrif á neyslu- og þáttamarkaðina. Lægri raunvextir gera stærri neyslukaup (bíla ofl) ódýrari en í framtíðinni og auka því eftirspurn. Vaxtalækkun eykur fjárfestingu, þar sem fórnarkostnaðurinn við hana hefur minnkað
- **Efnahagsvæntingar**  
Væntingar hafa mikil áhrif á gerðir fólks og efnahaginn í heild sinni.
- **Væntanleg verðbólga**  
Þegar neytendur og fyrirtæki búast við verðbólgu hafa þau hvata til að kaupa frekar í dag en á morgun áður en verðið hækkar. Þetta eykur eftirspurn. Að sama skapi minnkar eftirspurn ef væntanleg verðbólga minnkar
- **Tekjubreytingar viðskiptalanda**  
Þær hafa áhrif á útflutning og þannig áhrif á eftirspurnina sjálfa. Áhrifin fara eftir því hvað útflutningurinn er stór hluti af heildarframleiðslunni.
- **Gengisbreytingar**  
Gengið hefur áhrif á útflutninginn og þannig áhrif á eftirspurnina.

### *Tilfærslur í heildarframboði*

- **Breytingar á langtíma heildarframboði**  
Áhrifavaldar eru t.d. tæknibreytingar, nýjar auðlindir, náttúruhamfarir, nýjar leiðir til betri nýtingar o.fl.
- **Breytingar á skammtíma heildarframboði**  
Verðbreytingar á neysluvörum / auðlindinum. Framboðsbrestir geta einnig haft áhrif á heildarframboðið. Að lokum má nefna verðbreytingar á innfluttum auðlindum.

### **Framboðsbrestur (Supply Shock)**

Óvæntur atburður sem eykur tímabundið eða dregur úr heildarframboði.

### **Væntanleg breyting**

Breyting sem spáð hefur verið fyrir af ákvörðunartökum í tíma, fyrir þá til að bregðast við

### **Óvænt breyting**

Breyting sem ákvörðunartakar gátu ekki séð fyrir og gátu því ekki tekið með í reikninginn.

## Vinnuæfingar með AD/AS líkanið

### *Hvað gerist við óvænta aukingu heildrefirspurnar?*

Heildareftirspurnarlínan færast upp á við og myndar nýtt skammtímajafnvægi í hærra verði og magni. Verð allra auðlinda er sama og áður og hafa því fyrirtækin meira milli handanna, hagkvæmt verður að ráða fleira fólk o.s.frv. Atvinnuleysi minnkar. Verð auðlinda hækkar þó smámsaman og fyrirtæki verða á endanum að hækka verð neysluvara. Eftirspurnin minnkar og nýtt jafnvægi myndast á langtímaframboðslínunni.

### **Penslugap (Inflationary gap)**

Það ástand þegar að framleiðsla skammtímajafnvægis er meiri en VFL við fulla atvinnu. Eftirspurnin setur þrýsting upp á við á eftirspurnina.

### *Hvað gerist við óvænta minnkun heildareftirspurnar?*

Heildareftirspurnarlínan færast niður á við og myndar nýtt skammtímajafnvægi í lægra verði og magni. Fyrirtæki lækka verð og framleiðslu og neyðast til m.a. að segja upp fólki þar sem ýmiss kostnaður fyrirtækja er fastur m.a. launakostnaður. Atvinnuleysi eykst. Þetta skammtímaástand lýsir Deflationary gap. Þegar verð auðlinda lækkar færast skammtímaframboðslínan niður og mynda jafnvægi á langtíma-framboðslínunni.

ATH: Ef að verð auðlinda eru ósveigjanleg niður á við (eins og margir halda) er verður breytingarskeiðið vegna minnkandi eftirspurnar langt og sársaukafullt.

### **Samdráttargap (Deflationary gap)**

Ástandið þegar að framleiðsla í skammtímajafnvægi er slakari en framleiðsla m.v. fulla atvinnu.

### *Hvað gerist við óvænta aukningu skammtíma heildarframboðs?*

Heildarframboðslínan myndi færast niður á við (aukið framboð) og skammtímajafnvægi myndast í lægra verði og meira magni. Eftirspurnin færast þó ekki að neinu ráði þar sem hér er um aðeins tímabundna aukningu að ræða. Sparnaður eykst og vextir lækka.

### *Hvað gerist við óvænta lækkun skammtíma heildarframboðs?*

Framboðslínan færast upp á við (minnaframboð) og skammtímajafnvægi myndast í lægra magni og hærra verði. Þetta gerist í bæði neyslumarkaðinum og auðlindamarkaðinum. Vextir hækka þar sem aukin eftirspurn verður eftir lánsfé. Ef breyting þessi er aðeins tímabundin færast allt aftur í fyrra jafnvægi á nýjan leik.

*Hefur markarsefnahagurinn sjálf-leiðréttingarkerfi?*

- **Eftirspurn eftir neysluvörum er frekar stöðug í hagsveiflunni**  
Hún sveiflast ekki eins mikið og tekjur heimila þar sem þau spara ef tekjur eru miklar en lifa á sparnaði ef þær eru litlar.
- **Breytingar á raunvöxtum hjálpa til við að gera eftirspurn stöðuga**  
Þegar hallæri kemur, minnka fyrirtæki við sig verkefnum og framboð lánsfé eykst miðað við eftirspurn og vextir lækka. Þetta stuðlar að aukinni fjárfestingu.
- **Breytingar í verðum auðlinda slétta hagsveiflur.**

## Kafli 10 - Keynes

### Klassískir hagfræðingar

Hagfræðingar frá dögum Adam Smith til Keynes lögðu áherslu að skoða framleiðni og hagkvæmni í framleiðslu. Í tilliti til óstöðugleika héldu þeir því fram að verð myndi breytast skjótt á þann hátt að efnahagurinn myndi skjótast út úr hallæri beint í fulla atvinnu fyrir atverka markaðsins.

### Lögmál Says

Framleiðsla skapar sína eigin eftirspurn. Það getur ekki verið of mikið af birgðum þar sem verðmæti varanna segir til um hver eftirspurnin mun verða.

### Lögmál Keynes (stutt útgáfa)

Eyðsla (eftirspurn) leiðir til núverandi framleiðslu. Fyrirtæki framleiða aðeins það magn af vörum og þjónustu sem þau hafa trú á að neytendur, fjárfestar, ríkistjórn og útlendingar munu hafa hug á að kaupa. Ef að þessi plönuðu útgjöld eru minni en framleiðsla efnahagsins við fulla atvinnu, verður að minnka framleiðslu. Atvinnuleysi skapast og undir-framboð skapast. Framlengt atvinnuleysis getur skapast. Aðalgrundvöllurinn fyrir jafnvægi er s.s. þessi að plönuð eyðsla og raunveruleg eyðsla sé sú sama.

### Keynes líkan (Aggregate Expenditure)

- Atvinnuleysi í "jafnvægi"
- Ófullkomin jafnvægismyndun
- Hluti fjárfestingar óháður vöxtum.
- Vextir hafa "gólf" -> vaxtagildra. Þeir geta ekki lækkað endalaust
- Peningalaun ósveigjanleg til lækkunar.
- Neysla háð tækjum -> margfaldari
- Heildarútgjöld ráða framleiðslustigi

### Forsendur keynes líkansins

- Skammtímafræðingur
- Verðlag er fast
- Laun eru föst
- Fjárfesting óháð vöxtum

Greinarmunur er gerður á milli áætlaðra heildarútgjalda og raunverulegra heildarútgjalda. Mismunur kemur fram í birgðabreytingum. Skýrist þetta af því að framleiðendur byggja framleiðslu sína (framboð) á áætlun heildarútgjalda.

**Grunnlíkanið ( $C + S + T + M \circ C + I + G + X$ )****Neyslufall (Consumption function)**

Samkvæmt Keynes, er aðaláhrifavaldurinn á neyslu einstaklinga, tekjur heimilisins. Ef að tekjur heimilisins aukast, eykst neysla (þó kannski ekki með sama krafti). Neyslan er því fall af tekjum.

**Óháð eyðsla (Autonomous Expenditures)**

Eyðsla sem breytist ekki með breyttum tekjum. Hún tengist þáttum sem ekki koma við grunn tekju-gjöld módelinu, heldur tengjast framtíðarvonum og lífsbarátunni.

**Skipulögð eyðsla vs raunveruleg eyðsla**

..eru aðeins jöfn þegar kaupendur kaupa það magn af vöru og þjónustu sem ákvörðunartakar fyrirtækja gerður ráð fyrir.

- $C = a + b * Y_0$  ; Einkaneysla
- $I = \text{Fasti}$  ; Einka fjárfesting
- $G = \text{Opinber útgjöld (stýribreyta)}$
- $M = m_0 + m_1 * Y_d$  Innflutningur
- $X = \text{Fasti; Útflurningur}$
- $T = \text{Fasti (Stýribreyta, nefskattur) eða } T = T_0 + T_1 * Y$  ( $t_0 = \text{nefsk}$ )
- Heildareftirspurn = heildarframboð

**Jafnvægis skilyrði**

$$Y + M = \text{planned } C + I + G + X$$

$$(AS)(GNP) = (AD)$$

Gildir eftirá (ex post) ekki fyrirfram (ex ante) standist ekki áætlanir

=>  $\Delta I = \text{Birgðabreytingar}$

**Keynes líkanið færð í AD/AS módelið**

Gert er ráð fyrir að fyrirtæki haldi verðlagi sínu stöðugu þangað til að efnahagurinn nái hámarksafköstum. Þegar eftirspurn er lítil, minnki fyrirtæki framleiðslu en halda sömu verðum (framboðskúrfan lóðrétt). Ef eftirspurn eykst, auka fyrirtækin framleiðsluna þangað til að hámarks afkastagetu er náð en þá liggur framboðskúrfan lóðrétt þar sem að sá fær vöruna sem borgar mest.

**Margfaldarinn**

Hlutfallsbreyting í jafnvægisframleiðslu vegna sjálfstæðrar breytingar í fjárfestingu, neyslu eða útgjöldum hins opinbera. Vanalega er margfaldarinn  $1/(1-MPC)$  þegar verðlag er stöðugt. Aukning í neslu, fjárfestingu eða Op. útg, leiðir til aukningu tekna og neyslu secondary aðila og eykur þessvegna eyðslu meira en sem upprunalegu eyðslunni nemur. Það sem dregur úr áhrifum margfaldarans eru lekar eins og t.d.: skattar, eyðslu í innflutning o.fl. Það tekur tíma fyrir margfaldarann að virka, 50% áhrifana koma á fyrstu 6 mánuðum.

Til eru margskonar margfaldarar:

*Hvað gerist ef Opnber útgjöld(G) aukast en Skattar og fjárfesting eru fastar*

$$\Delta y = b \cdot \Delta y + \Delta G$$

$$\Delta Y(1-b) = \Delta G$$

$$\Delta y / \Delta G = 1 / 1-b \quad (\text{Margfaldari opinberra útgjalda})$$

b = jaðarneyslunheigð

### Sparnaðarhneigð

$$b + s = 1, \quad s = 1 - b$$

$$\Delta Y / \Delta G = 1 / (1-b) = 1 / s$$

### Skattamargfaldarinn

$$\Delta y = b(\Delta y - \Delta T)$$

$$\Delta y / \Delta T = -b / (1-b)$$

### Margfaldari opinbera útgjalda í opnu hagkerfi m/skattafalli

Auk áður:  $M = m_0 + m_1 * Y_d$  Innflutningur  $X = \text{Fasti}; \text{Útflutningur}$

Í stað  $T = T$  þá  $\Rightarrow T = t_0 + t_1 * y$

$$y = a + b(y - (t_0 + t_1 * y)) + I + G + m_0 + m_1 * y$$

$$\Delta y / \Delta G = 1 / (1 - b(1 - t_1) + m_1(1 - t_1))$$

*Hvað dregur úr stærð margfaldarans?*

- Því hærri sem sparnaðarhneigðin er því minni verður margfaldarinn.  $(1-b) = s$
- Ef að ríkið innheimtir skatt og eyðir honum ekki aftur dregur það úr umsvifum (þvingaður sparaður)
- Innflutningur
- Margfaldarinn tekur tíma (þ.e. gerist ekki samstundis)
- Viðbótar skilyrði t.d. ef viðskiptajöfnuður má ekki versna
- Ekkert hefur verið tekið tillit til skattaáhrifa á framboð.

### Jaðarhvatí til eyðslu (Marginal Propensity to Consume)

MPC = Auka eyðsla / auka tekjur.

### Helstu umhugsunarefni Keynista

- Breytingar í framleiðslun jafn sem verðbreytingar skipa miklu máli í þjóðhagfræðilegri aðlögunaraðgerð, sérstaklega í skammtímasamhengi.
- Viðbrögð heildarframleiðslu við breytingum í efitrspurn er í beinu sambandi við fjölda ónýtttra auðlinda.
- Sviflur í heildarefitrspurn er stærsti grunnurinn að hagsveiflum

**Samanburður aðferða/líkana**

Eftirfarandi mælir með AS/AD módel:

- Útskýrir betur hvernig verðbólga og aukið atvinnuleysi farið saman (Stagflation)
- Áhrif væntinga (hliðrun á heildareftirspurn eða heildarframboði)
- Gera greinarmun á áhrifum til skamms og langs tíma.

**Athugaverð sambönd**

- **Lokað hagkerfi án ríkisgeira**

$$Y = C + S \equiv C + I$$

$$\Rightarrow S \equiv I \quad (\text{S: Sparnaður}) \quad (\text{Jafna stenst ávallt eftir á})$$

- **Lokað hagkerfi með ríkisgeira**

$$C + S + T \equiv C + I + G$$

$$\Rightarrow I - S + G - T \equiv 0$$

- **Opið með ríki**

$$C + S + T + m \equiv C + I + G + X$$

$$(I - S) + (G - T) + X - M \equiv 0$$

$$(\text{Einkageiri}) + (\text{Ríki}) + (\text{Viðskiptajöfn}) \equiv 0$$

**Um neyslu og tekjur á Íslandi**

- Einkaneysla er háð
  - Eignum (M/p)
  - Útflutningstekjum
  - E.t.c. Vöxtum (r) (sbr  $c = c(y, M/p, r)$ )

**Keynes og neyslufallið**

$$C = C(Y_d)$$

fremur en að  $C=c(r)$  (r = vextir)

Hægt er að teikna neyslufallið með því að hafa C á Y ás og  $Y_d$  á X ás.

**Þjóðhagssparnaður**

Þjóðhagssparnaði (S) má skipta í tvo flokka:

- **Frjálsan sparnað**  
Sparifé (peningalegur sparnaður), kaup á verðbréfum, o.fl.
- **Þvingaðan sparnað**  
Skattgreiðslur, lífeyrissjóðir, skildusparnaður o.fl.

**Aðrar neyslukennningar****Permanent Income Hypothesis (Milton Friedman)**

Gert er ráð fyrir því að þeir hagi sýnum neysluútgjöldu þannig að þeir miða við stöðugar tekjur, en fylgjum ekki tekjusveiflunum sjálfum að fullu.

**Life Cycle Savings**

Þegar neysla og sparnaður er skýrður út frá mannsæfni. Á fyrri árum er neysla stærri en sparnaður, þegar á líður fer meira í sparnað og í lokin er neikvæðursparnaður og full neysla.

**Athyglisvert**

Þjóðhagssparnaður tiltölulega minni á Norðurlöndum en í öðrum OECD-löndum. Treysta menn á ríkið?

Frjáls sparnaður hefur aukist þegar þvingaður sparnaður hefur lækkað, sbr Danmörku. Hætta menn að treysta á ríkið?

**Kenning keynes um atvinnustig****Gagnrýnisatriði Keynes á klassíska líkanið**

- Sparnaður er fall af ráðstöfunartekjum ekki vöxtum
- Fjárfesting er aðeins að hluta til háð vöxtum  
Væntingar um framtíðina skipta ekki síður máli  
Lögmál Says getur ekki gilt
- Verðlags og launabreytingar eru mun stífari en klassíska líkanið gerir ráð fyrir.
- Hélt því fram að það væri ekki gefið að jfanvægi fengist í klassíska líkaninu.

**Forsendur einfalds líkans í anda Keynes**

- Neysla og sparnaður ráðast af tekjum ekki vöxtum  
 $C = a + bY_d$   $0 < b < 1$   
 $Y_d =$  Ráðstöfunartekjur  
a, b eru stuðlar
- Laun og verðlag eru fastar stærðir
- Líkanið er skammtíma líkan
- Aðgangur að ónýttum framleiðsluþáttum.
- Fjárfesting (I) og opinber úgjöld (G) eru gefnar stærðir
- Skattar (T) eru tekjuóháðir
- Magn útflurnings(X) ákvarðarst utan líkansins)
- Innflutningur ræðst af tekjustigi  
 $M = m_0 + mY$

**Einfalt Keynes líkan með opinberm geira, utanríkisviðskiptum og tekjuháðum sköttum**

- $Y+M = C + I + G + X$
- $C = a + bY_d \quad 0 < b < 1$
- $Y_d = Y - T$
- $I = I^*$
- $G = G^*$
- $X = X^*$
- $M = M_0 + mY$
- $T = T^*$

**Lausn líkansins**

- $Y + m_0 + mY = a + b(Y - T) + I^* + G^* + X^*$
- $Y + mY - bY = a - bT + I^* + G^* + X^* - m_0$
- $Y(1 + m - b) = a - bT + I^* + G^* + X^* - m_0$
- $Y = (a - bT + I^* + G^* + X^* - m_0) / (1 + m - b)$

## Kafli 11 -Nútímapjódhagfr: peningalegar aðg.

### Hallalausfjárlög (Balanced Budget)

Aðstæður þar sem tekjur ríkissjóðs eru nákvæmlegar jafnmiklar og útgjöld.

### Margfaldari hallalausra fjárlaga (Balanced Budget Multiplier)

MIÐAÐ VIÐ LOKAÐ HAGKERFI

$$y = C + I + G$$

$$y = a + b(Y-T) + I + G$$

Aukum Skatta(T) og útgjöld(G) ríkis í sama mæli =>  $\Delta G = \Delta T$

Setjum saman fyrri margfaldarana tvo og fáum:

$$\Delta y / \Delta g = 1$$

Útgjaldahneigð hins opinbera er 1, en útgjaldahneigð einkageirans =  $b < 1$

### Fjárlagahalli (Budget Deficit)

Aðstæður þar sem útgjöld ríkissjóðs eru meiri en tekjur

### Fjárlagaplús (Budget Surplus)

Aðstæður þar sem tekjur ríkissjóðs eru meiri en útgjöld

### Virkur fjárlagahalli

Fjárlagahalli sem er orsök skipulegrar aukningar eyðslu ríkissjóðs og/eða skipulagðrar minnkunnar skatta.

### Hlédrægur fjárlagahalli

Fjárlagahalli sem orsakast af minnkandi skattatekjum vegna halla í hagkerfinu í hallæri.

### Úvíkkandi fjármálastefna

Aukning í útgjöldum ríkissjóðs og/eða lækkum skatta þannig að væntanleg stærð fjárlagahallans stækkar. Skv. Keynesian model ætti að fylgja þessari stefnu þegar að efnahagurinn starfar undir væntanlegri framleiðslugetu og mikið er um atvinnuleysi.

### Takmarkandi fjármálastefna

Lækkun útgjalda ríkissjóðs og/eða aukning í sköttum þannig að væntanlegur fjárlagahalli minnki. Skv. Keynesian model ætti að fylgja þessari stefnu þegar efnahagurinn starfar yfir væntanlegri framleiðslugetu (umframfærspurn) til að draga úr verðbólguáhrifum.

### Móthringstefna (Countercyclical policy)

Stefna sem reynir að færa efnahaginn í öfuga átt við hagsveifluna til að hafa sem mestan stöðugleika í efnahagslífinu.

### Ruðningsáhrif (Crowding out effect )

Minnkun í eyðslu einkageirast vegna vaxtahækkana sem rekja má til fjárlagahalla sem fjármagnaður er með lánsfé frá einkageiranum. Til langs tíma getur minnkuð fjárfesting einkageirans haft afleiðingar á framboð.

### Crowding out International Loanable funds market effect

Allir stærstu peningamarkaðir eru samtengdir og jarðfræðileg staðsetning skiptir litlu máli. Ef að keyrt er með fjárlagahalla og vextir hækka sækjast útlendingar eftir að lána fé. Eftirspurn eftir viðkomandi gjaldmiðli eykst og gjaldmiðillinn hækkar í verði. Innfluttar vörur verða ódýrari: Innflutningur eykst, útflutningur minnkar. Minnkandi útflutningur orsakar minnkandi heildareftirspurn. Crowding out effect læðist allastaðar. Maður er aldrei öruggur.

### Nýklassískir hagfræðingar

Nútíma hagfræðingar sem trúa því að sterkir kraftar ýti hagkerfinu að jafnvægi í fullri atvinnu og að þjóðhagfræðistefnur séu slæm tól til að minnka hagsveiflur. Jafnvægismyndun er á mörkuðum Hagkerfið leitar í eðlilegt atvinnustig. Ríkisfjármál eru að þeirra mati óvirk. Dæmi um nokkra nýklassíska eru: Robert Lucas, Thomas Sargent, Robert Barco.

### Higher expected future taxes crowd-out private spending

Nýklassískri hagfræðingar halda því fram að fjárlagahallar skipti aðeins út núverandi sköttum fyrir framtíðarsköttum. Ef að heimilin byggjust **ekki** við hærru framtíðarsköttum myndi eftirspurn aukast líkt og Keynes hafði gert ráð fyrir, en heimilin vita af hækkingu sköttum síðar meir og spara til að eiga fyrir þeim ∴ eftirspurn stendur í stað. Þar að auki kemur þessi aukni sparnaður á móts við auknar lántökur ríkissjóðs þannig að raunvextir standa í stað. Margir eru ósammála þessari kenningu þar sem þeir telja heimilin ekki hugsa mikið um framtíðarskattbyrgði.

### Supply-side hagfræðingar

Nútímahagfræðingar sem trúa því að breytingar í jaðarsköttun hagi mikilvæg áhrif á heildarframboð. Tíðkaðist í stjórn Regans. Þeir trúðu því að ef skattar lækkuðu hefði það ekki einungis áhrif á eftirspurnina heldur einnig á framboðinu. Ef við tökum fyrir t.d. skattalækkun. Það gerist tvennt: Framboðið til skamms og langs (-tómstundir) tíma eykst. Þegar jaðarskattur lækkar verða tómstundir dýrari (staðkvæmdaráhrif). Fjárfesting sérstaklega til að fá skattafrádrátt minnkar.

### Laffer ferill

Segir að tekjuskattshlutfallið geti orðið það hátt að skattekjurnar færu minnkandi. Ástæður fyrir því eru t.d.: framleiðsla minnkar eða fólk/fyrirtæki fara að vinna í neðanjarðarhagkerfinu. Dæmi um þetta er Svíþjóð 1985-1990.

### Sjálfvirk stýritæki

- **Atvinnuleysisbætur**  
Þegar efnahagurinn fer í hallæri, aukast atvinnuleysisbætur og fjárlagahalli ríkissjóðs eykst (ríkissjóður dælir peningum út í þjóðfélagið). Þegar góðæri kemur þá minna atvinnuleysisbætur og halli ríkissjóðs minnkar
- **Tekjuskattur fyrirtækja**  
Fyrirtæki eru mjög næm fyrir sveiflum í efnahaginum. Þegar illa gengur minnkar skattheimimta tekjuskatts og halli ríkissjóðs eykst og öfugt þegar vel gengur

- **Skattþrep einstaklinga**

Þegar tekjur einstaklings aukasat færir hann yfir á hærra skattþrep. Þegar vel gengur í efnahaginum aukast skatttekjur ríkissjóðs frá einstaklingum meira en sem nemur tekjuaukningunni sjálfri. Þegar tekjur einstaklinga minnka minnkar skattheimtan eða verður jafnvel engin.

## **Reynsla af fjármálastefnu**

Þegar lítið er nánar á hagsveiflur USA kemur í ljós að flest fjármálaáhrif hafa komið til að völdum sjálfvirkra leiðrétta fremur en sjálfri fjármálastefnu ríkisins.

Stærsta fjármálastefnuákvörðun var lækkun skatta um 20% hjá JFK árið 64. Þetta gekk upp og kom atvinnulífinu á fleygiferð, en aðeins í stuttan tíma. En í framhaldinu hélt ríkisstjórnin áfram með hvetjandi úþensluáðgerðir þrátt fyrir að atvinnulífið var í fullum swing. Þetta þýddi aðeins eitt: Verðbólgu.

### **Skapar fjárlagahalli hátt vaxtastig?**

Rannsóknir hafa skilað mjög skiptum niðurstöðum. Sýnt hefur verið fram á óverulegt samband en ekkert meira en það.

### **Skapar fjárlagahalli verðbólgu?**

Crowding out líkanið gerir ráð fyrir því að á meðan peningaframboð er fast muni fjárlagahalli aðeins auka vaxtastig. Nýklassíska líkanið m.t.t. hærri framtíðarskatta kemur í veg fyrir verðbólgu.

Líkan Keynes lýsir þó verðbólgu við fjárlagahalla, þar sem heildareftirspurnarlínan færir út á við en verðbólgan hættir um leið og heildareftirspurnarlínan kemst í jafnvægi (ceteris paribus).

Rannsóknir á þessu hafa sýnt að ekkert tölfræðileg samband hafi verið á milli verðbólgu og fjárlagahalla. Kannski er einhvað óverulegt beint samband en það a.m.k. mælist ekki í hinum raunverulegu þjóðfélögum þar sem óteljandi þættir eru áhrifavaldar, ekki bara fjármálastefna ríkissjóðs.

### **Þrjú aðalatriði nútíma-fjármálastjórnunar**

- Í kreppuástandi, getur útvíkkandi fjármálastefna verið hvati á framleiðni og hjálpað efnahaginum úr ójafnvægi.
- Á rólegum tímum, er áhrifamáttur fjármálastefnu margfalt minni en Keynes módelin gefa til kynna
- Rétt tímasetning fjármálastefnuáðgerða er mikilvæg og mjög erfitt að ná.

### **Ríkishalli, vextir og verðbólga, hvað segir reynslan?**

Ríkishalli      Hærri vextir -> ruðningsáhrif  
Verðlag hækkar  
Verðbólga?(óljóst samband)

## Færeyjar - helstu ástæður hruns

- **Röng atvinnustefna**  
Tilraunir til þess að taka fiskverð úr tenslum við heimsmarkaðsverð með niðurgreiðslur
- **Ekki skilningur á því hvað myntbndalag við Danmörku þýðir**
- **Offjórðing hjá hinu opinbera.**  
Göng út um öll fjöll sem dæmi. Illa farið með fé.
- **Í sjálfheldur sérhagsmunahópa - sveitarfélög**  
Kjördæmaskipan og fjöldi sveitafélaga er það mikill að landsstjórnin var mjög veik. Það var ekkert aðhald, hér á landi er óháður aðili sem gagnrýnir stjórnvöld (t.d. Háskóli Íslands). Þetta er ekki til staðar í Færeyjum. Sveitarfélög hafa veitt ábyrgðir til fyrirtækja í atvinnurekstri og hafa ekki geta staðið við skuldbindingar. Í Danmörku er t.d. bannað að sveitarfélög gangi í ábyrgðir fyrir fyrirtæki. Þetta gæti verið viðvörðun fyrir Íslendinga en sveitafélög hafa tekið umm þann sið að bjarga gjaldþrota fyrirtækjum með ábyrgðum.
- **Bankarnir og áhættustjórnun**  
Tveir bankar eru í danmörku. Landsstjórnin veitti fyrirtækjunum ábyrgðir hvort sem þau tóku lán í Danmörku eða annarstaðar. Með minni fiskgengd gekk þetta dæmi ekki upp. Bankarnir mátu ekki áhættuna rétt, því landsstjórnin var í ábyrgð. Lærdómur 2: Við hefum sett eiginfjárreglur sem eru alþjóðlegar, um að eigið fé í bankastofnunum skuli vera 8%. Þetta gildir eflaust fyrir stór fyrirtæki með mikla áhættudreifingu. Það sýnist þó í Færeyjum að þessar reglur gilda ekki hjá litlum fyrirtækjum þar sem sveiflur eru mjög litlar.
- **Hagsstjórn**  
Reynt var í litlum mæli að streitast á möti hruninu, t.d. með því að leggja skatta til að ná upp landsstjórnarhallanum. Þegar allt var komið í hönk kom sendinefnd frá alþjóðagjaldeyrissjóðnum og mælti með að meira yrði skorið niður í ríkisútgjöldum. Þetta olli ennþá meira atvinnuleysi. Þetta er ósamkvæmt Keynes grunnlíkani, en það tekur ekki inn í myndina stórfelldar skuldir ríkissjóðs.
- **Fiskveiðistjórnun**  
Markir rekja sínar ógöngur til þess þegar Íslendingar færðu út landhelgina árið 1974. Þeir hafa treyst mikið á úthafsveiðar, en eftir 74 fóru þeir meira á heimamið og minnkuðu stofna. Þeir treysti aldrei á ráðleggingar fiskifræðinga. Aðalatriði: Fiskveiðistjórnun og engar leikreglur í sambandi við sjávarútveginn juku ofveiðivandann

## Kafli 12 - Peningar

Aðalatriði

- **Tilvist peninga**
- **Hlutverk peninga**
- **Skilgreininar á peningum**
- **Bankakerfið**
- **Peningasköpun og bindikvaðir**
- **Hlutverk seðlabanka og stjórnþæki**
- **Bankakreppur**

### Tilvist peninga í hagfræði

Helgast af: A) Viðskipta kostnaði (transaction cost) og B) Óvissu (uncertainty).

### Hlutverk peninga

- **Greiðslumiðil (Medium of exchange)**  
Þetta skilur peninga frá öðrum eignum. Án peninga væri viðskiptakostnaður vöruskipta mjög mikill. Peningar einfalda skiptin og minnka kostnað.
- **Verðmælir (unit of account)**  
Þar sem að peningar eru notaðir sem greiðslumiðill henta þeir vel sem mælistika til verðmættasamburðar,
- **Verðmæti geymsla (store of value)**  
Peningar eru eign, sparnaður í formi peninga er eign. Gallinn við að halda eign í formi peningaseðla er kostnaðurinn við verðbólgu, en þá rýrna peningarnir. Kostur peninga er þó að þeir eru greiðsluhæfasta eign sem völ er á.

### Fiat money

Peningur sem er hvorki verðmæti í sjálfum sér og hefur í raun enga raunverulega kröfu á vöru og þjónustu vegna sjálf síns. Löggiltir pappírspeningar. Verðmæti þessara peninga felst í trausti fólks, að það geti keypt vörur og þjónustu fyrir slíka peninga.

### Verðmæti peninga

Verðmæti peninga er reiknað út frá eftirspurn, líkt og hjá öðrum vörum. Fólk vantar peninga til þess að minnka viðskiptakostnað. Þegar peningaframboð er takmarkað aukast verðmæti peninga.

### Umframfé - Excess reserves

Umframfé - Sá peningur innlána sem ekki fer hvorki inn á bindiskyldureikninga eða lausafjárgeymslu bankans.. Þessi peningur er undantekningalaust lánaðir út.

**Required reserves**

Það hlutfall innlána sem bankar eru skyldaðir til að hafa til reiðu til að geta afgreitt úttektir af innlánsreikningum.

**Peningamargfaldarinn (Deopsit expansion multiplier)**

Sá margfaldari sem sýnir aukningu í peningamagni við aukningu í peningum. Margfaldarinn fer að miklu leiti eftir bindiskyldu viðskiptabankanna, en þó ekki að fullu leiti. Peningar fara ekki allir í gegn um viðskiptabankanna. Sumir geyma þá t.d. undir koddanum. Einnig lána bankarnir ekki allat út heildar umframbirgðir.

**Varasjóðshlutfall(Required reserve ratio)**

Það hlutfall innlána sem leggja þarf inn á **bindiskyldureikning** í Seðlabanka Íslands og **lausafjárvöð**, þ.e. það fé sem bankinn þarf að hafa við hendina.

**Discount rate/window**

Sá gluggi sem snýr að innlánsstofnunum. Hér er átt við vexti seðlabanka í viðskiptum við innlánsstofnanir. Þetta hefur lítið að segja hér á landi þar sem millibankamarkaður er því sem næst óvirkur. Breytingar á þessum vöxtum þykir vísbending til þess hvort seðlabankinn sé að ýta almennum vöxtum upp eða miður.

**Millibankamarkaður**

Í U.S.A. fer talsverð starsemi fram milli banka. Ódýrara er að lána og fá lánað hjá öðrum viðskiptabönkum heldur en í seðlabanka. Slík lán eru þó oft gerð upp í seðlabönkunum

**Markaðsaðgerðir (Open market operations)**

Þegar seðlabankinn kaupir og selur verðbréf til að hafa áhrif á vextir

**Tékkareikningar (Negotiable on withdrawal, Now-accounts)**

Tékkareikningar þar sem 100\$ eru alltaf fastir. Reikningum þessum var komið á fót til að hægt væri að greiða vexti til tékkareikningshafa. NOW-reikningarnir voru flokkaðir sem sparifjárreikningar.

**Lender of last resort (lánari í neyð)**

Innlánsstofnanir geta selt verðbréf sín strax til seðlabankas m/afföllum. Innlánsstofnanir greiða í tryggingarsjóð. Seðlabankinn hleypur undir bagga og lánar ótakmarkað þannig að fólk tapi ekki sparifé sínu.

**Myntsláttuhagnaður (Seignorage)**

..af seðlum og mynt í umferð. Þegar seðlar eru prentaðir minnka peningar í verði. Þessi hagnaður varð minni þegar verðtryggingin var sett á.

**Hlutverk seðlabanka**

- Verðveita verðgildi krónunnar
- Stuðla að stöðugleika og skilvirkni á fjármagnsmarkaði
- Önnur markmið: Stuða að fullri atvinnu, viðskiptajöfnuður o.fl

**Grunnfé - M0 (Base money)**

Seðlar og mynt í umferð og innistæður innlánsstofnanna í Seðlabanka. Þetta er sú stærð sem Seðlabankinn hefur hvað mest áhrif á.

**Peningamagn - M1**

M0 - Innistæður innlánsstofnanna í Seðlabanka + veltiinnlán og geymslufé innlánsstofnanna. M1 er ekki alltaf stærra en M0, t.d. vegna hárrar bindiskyldu.

**Peningamagn og alm.sparifé - M2**

M1 + almennt sparifé í innlánsstofnunum. Bætt er við sparisjóðsbóknum og sparifé sem ekki er bundið til langs tíma.)

**Peningamagn og sparifé - M3**

M2 + **bundið** sparifé innlánsstofnanna (sparisj. bækur bundnar til a.m.k. árs)

**Peningamagn og sprifé ásamt verðbréfaútgáfu**

M3 + verðbréfaútgáfa innlánsstofnanna (bankabréf)

**Hvernig stjórnar seðlabankinn peningamagni?**

- **Gengisstýring**  
Nú er hún að mestu leyti óbein. Áður var hún fastákveðin af Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn ákvað gengisskráningu og ríkisstjórnin samþykkti. Nú getur seðlabankinn haft áhrif á gengi innan vissara marka. Hann reynir að halda genginu stöðugu og innan vissara marka.
- **Bindiskylda og Lausafjárfrafa**  
Krafa um hversu stóran hluta innlána bankar verða að geyma a) inn á bindiskyldureikning í Seðlabanka og b) í lausafé (fast í ríkisskuldabréfum eða álíka)
- **Opnar markaðsaðgerðir (kaupum og sölum ríkisverðbréfa á opnum markaði)**  
Þegar seðlabankinn kaupir einhvað skapar það peninga. Þannig að þegar Seðlabankinn kaupir ríkisverðbréf á opnum markaði fælir hann nýju peningamagni inn í efnahaginn.
- **Lánafyrirgreiðsla - eigin vextir**  
Ef að seðlabankinn eykur vextina sína verður það dýrara fyrir viðskiptabankana að slá lán í Seðlabankanum. Bankar safna meira fé til að þurfa ekki að lenda í því að slá lán hjá bankanum. Þetta dregur úr peningamagni í umferð því bankar eru tregari til þess að lána umframingabyrgðir sínar út í eins miklum mæli og áður.

- **Önnur stjórnæki - handafl**  
Seðlabankinn getur ákvarðað hámarksútlánavexti. Þessari heimild hefur ekki verið beitt síðan 1986. Markaðurinn og innlánsstofnanir ákvarða það. Seðlabankinn getur einnig notað ákveðin verðtryggingarákvæði: t.d breyta lánskjaravísitölu eða breyta tímalágmarki verðtryggingar (lán innan 1-2 ára óverðtryggð). Seðlabankinn getur einnig haft áhrif á væntingar, einkum á skuldabréfamarkaði.

### ***Tillögur til að skapa aga í gengismálum og hagstjórn***

- **Ákvæði í stjórnarskrá**
- **Seðlabanki lagður niður. Útgáfa peninga frjáls**
- **Sjálfstæði Seðlabanka tryggt.**

## Kafli 13 - Peningamálastefna

### Peningaeftirspurn

Peningaeftirspurn er hversu mikill auður fólk er reiðubúið að geyma í formi peninga fyrir ákveðið vaxtastig.

### Ástæður fyrir því að fólk geymir peninga

- **Viðskiptafærslur**  
Peningar veita okkur kaupmátt á stundinni, þannig að þeir gera okkur kleift að ljúka viðskiptum af á sem skemmstum tíma við hvern sem er.
- **Varúðarráðstafanir**  
Heimili og fyrirtæki horfa til framtíðar með óvissu. Flestir geyma ákveðnar fjárhæðir til reiðu ef einhvað skyldi koma upp á. Þátt er gott að hafa auð sem felur í sér kaupmátt, samstundis.
- **Spákaupmennska**  
Ófyrirsjáanleg framtíð getur einnig falið í sér óvænta möguleika fyrir fjárfesta o.fl. til að á sérstökum innkaupum o.fl. Margir hafa því fé á reiðu til að vera viðbúnir slíkum tækifærum.

### Fórarkostnaður geymslu peninga

Ef maður heldur eign í formi peninga tapar maður því sem nemur markaðsvöxtum þjóðfélagsins, auk verðbólgu. Út frá þessu má álykta að því herra sem vaxtastigið er í þjóðfélaginu, því hærri verður fórnarkostnaður peninga.

## Peningaframboð

### Peningamagnskeningin (Quantity Theory of Money)

Segir til um það að breytingar í peningamagni hafi hlutfallsleg áhrif á verðlag þjóðfélagsins þar sem gefið er að veltuhraði peninga og raunframleiðsla þjóðfélagsis eru stöðug (a.m.k. til skamms tíma). Kennig þessi kom fyrst fram hjá klassískum hagfræðingum hér á árum áður.

### Veltuhraði peninga (Velocity of Money)

Segir til um hversu oft hver króna er notuð til þess að kaupa gæði. Þessi stærð er sama og verg landsframleiðsla deilt með peningamagni

### Skiptijafnan $MV = PY$ (Equation of Exchange)

$M$  = Peningamagnið,  $V$  = Veltuhraði peninga,  $P$  = Verðlag,  $Y$  = Framleiðsla  
Sýnir peningalegar og raunverulegar hliðar þjóðfélagsins. Klassískir hagfræðingar töldu samkv. peningamagnskeningunni að veltuhraði peninga og þjóðarframleiðsla væru stöðug.

### Skoðanir Keynes á peningamálastefnu

Keynes hafði litla trú á peningamálastefnu. Hann spurði t.d.: "Hvað verður ef að peningamagn er aukið en veltuhraði peninga minnkar að sama skapi?". Hann neitaði því ekki alfarið að peningamálastefna hefði áhrif, en hann taldi þau vera óveruleg.

**Peningamagnssinnar (Monetarists)**

Hópur hagfræðinga sem trúir því að (a) ójafnvægi í peningamálum sé megin ástæða hagsveiflna og (b) mikill vöxtur peningamagns er meginástæða verðbólgu.

**Hentisemis-peningamálastjórnun (Discretionary Monetary Policy)**

Breytingar í peningamálastefnu sem framkvæmdar eru eftir dúk og disk á þess að farið sé eftir nokkrum vinnureglum eða aðferðum. Peningamagnssinnar töldu þetta ekki vera rétta aðferð.

**Nútímaviðhorf til peningamálastefnu**

Viðhorf nútímas byggjast bæði á rótum Keynes og peningamagnssinna:

**Útvíkkandi peningamálastefna (Expansionary Monetary Policy)****Óbein áhrif**

Peningamagn er aukið þannig að einstaklingar lenda með meiri auð í formi peninga en þeir telja æskilegt. Rennur því meira í sparnað en áður og við það lækka raunvextir. Þessi raunvaxtalækkun hefur aftur á móti þau áhrif að ódýrara er að eyða peningum í dag en að geyma þá til morgundagsins, semsagt, Neysluaukning.

**Bein áhrif**

Þegar að peningamagn er aukið hefur það bein áhrif á neyslu þar sem fólk hefur meiri pening milli handana

Þegar rætt er um peningamálastefnu má ekki gleyma því að það skiptir máli hvort fólk býst við breytingum eða ekki. Ef slíkar breytingar koma að óvörum hækka tekjur framleiðenda umfram kostnað sem hvetur þá til framleiðsluaukningar. Hinsvegar ef allir vita um slíkar breytingar fyrirfram eru áhrifin ekki eins sterk.

***Peningamálastefna / fjármálastefna***

Þegar hér er komið við sögu lítur allt út fyrir að peningamálastefna hafi meiri áhrif en fjármálastefna þegar reynt er að koma efnahaginum í jafnvægi. Ef að framleiðsla er minni en við fulla atvinnu getur útvíkkandi peningamálastefna aukið eftirspurn þannig að jafnvægi náist. Ef hinsvegar efnahagurinn er í jafnvægisstöðu þegar útvíkkandi peningamálastefna er beytt, þá endar hann líka í jafnvægi. Til skamms tíma eykst framboð óeðlilega en fellur svo aftur í jafnvægisstöðu á hærra verðlagi.

**Óvænt - takmarkandi peningamálastefna**

Áhrif takmarkandi peningamálastefnu (þegar peningamagn er minnkað) er sú að fólk lendir í þeirri stöðu að halda minna magni af eignum sínum í peningum en vilji er til. Það orsakar að fólk minnkar sparnað, selur verðbréf o.fl þannig að framboð af lánsfé minnkar og raunvextir hækka. Þegar raunvextir hækka minnkar heildarframboð peninga og verð lækkar. Takmarkandi peningamálastefa er því gott vopn gegn verðbólgu.

### Tímasetning

Tímasetning peningamálaaðgerða líkt og með fjármálaaðgerðir skiptir verulegu máli. Áhrif slíkra aðgerða koma oft ekki fram fyrir mörgum mánuðum síðar, og það verða ákvörðunartakar að taka með í reikninginn.

### Peningamálastefna til lengri tíma

Útvíkkandi peningamálastefna hefur ekki sömu áhrif til lengri tíma eins og til skamms tíma. Þegar til lengri tíma er litið, með stöðuga auðkingu peningamagns að leiðarljósi gera einstaklingar ráð fyrir áframhaldandi peningamagnsaukningu og verð og samningar v/framleiðsupátta verða gerðir með það að leiðarljósi. Þegar eftirspurn heldur áfram að aukast er verð framleiðsluþáttanna þannig að auka-ágóði fyrirtækja af verðbólgunni fer sarminnkandi. Þetta hefur einnig áhrif á lánamarkaðin, en með fastri verðbólguþá hækka vextirnir þannig að raunvextir standa í stað. **Mikil langtíma aukning peningamagns (eða viðbúin aukning) minnkar því ekki atvinnuleysi eða hvetur framboð heldur skapar verðbólgu og háa nafnvexti.**

Sem sagt: Til að peningamálastefna hafi afgerandi áhrif verður hún að miðast við skammtíma-aðgerðir, og þær verða að koma að óvörum (þ.e. einstaklingar mega ekki reikna með henni)

### Escalator clause

Samningsákvæði sem kveður á um það að á ákveðnum fresti skuli verðgildi samningsins hækkað jafn mikið og verðlagshækkun.

En hver verða áhrif vaxtahækkunar á veltuhraða peninga. Þegar vextir hækka eykst fórnarkostnaður þess að eiga peninga. Einstaklingar minnka því peningabirgðir sínar og reyna að stunda ákveðinn fjölda viðskipta með smærri peningaupphæðum. Þ.e. **velturhraði peninga eykst þegar vextir aukast.** Fyrst um sinn verður aukningin ekki eins mikil því þegar að seðlabankinn kaupir viðskiptabréf á opnum markaði, hækkar gengi þeirra lítillega sem ýtir vöxtunum niður.

### Aðalatriði peningamálastefnu

- Óvænt breyting yfir í þenslumeiri peningamálastefnu mun auka framleiðslu og atvinnu, **tímabundið**
- Jöfnunaráhrif vegna breytinga í peningamálastefnu eru mismunandi eftir því hver staða efnahagsins er á hverjum tíma.
- Stöðugur vöxtur peningamagns með miklum hraða leiðir til verðbólgu
- (verðtryggðir)Vextir og verðbólga eru beintengd hugtök  
Þegar verðbólga eykst, aukast vextir til að jafna upp áhrif verðbólgunnar.

### Kreppan 1929-33 - skýringar

Keynes var sá fyrsti til að koma með skýrandi kenningar vegna kreppunnar 1929-33. Uppruni kreppunnar var minnkandi viðskipti. Við þessu var brugðist með minnkun í peningamagni.

- **Peningamagn minnkaði um 27%**  
Náið samband er milli framleiðslu og peningamagns. Búast má við minnkaðri framleiðslu við slíka peningamagnsminnkun.
- **Skattar voru hækkaðir**  
Það ríkti sú trú á þessum tímum að það ættu að vera hallalaus fjárlög. Hoover forseti hækkaði skatta til að auka tekjur ríkissjóðs.
- **Tollar og viðskiptahindranir**  
Þetta voru hindranir sem að drógu kreppuna yfir langan tíma
- **Kauphallarhrun**  
Verðbréf lækkuðu í verði og margir misstu aleigu sína.

Spurt er: Af hverju kom ekki kreppa í okt 1987?

Ótrúlega margt var keimlíkt árið 1987 og 1929. Eftirspurn eftir peningum jókst þegar einstaklingar vildu selja verðbréf sín. Það sem stöðvaði kreppuþróun voru viðbrögð bandaríska seðlabankans. 1) Peningamagn var aukið til þess að forða bankahruni, 2) Skattar voru ekki hækkaðir.

### ***Almenn áhrif peningamagnsbreytinga***

Ef að peningmagn væri aukið um ákveðna upphæð myndi það hafa áhrif á peningamarkað, lánsamarkað og vörumarkað.

#### ***Peningamarkaður***

Við peningaaukningu hliðrast hin lóðrétta framboðslína til hægri og myndar nýtt jafnvægi í lægra vaxtastigi.

#### ***Lánamarkaður***

Sparanaður er fall af tekjum(T) og vöxtum(i). Þegar vextir lækka hliðrast framboðslína lánsfjár til hægri.

#### ***Vörumarkaður***

Eftirspurn eftir vötum er fall af eignum (M/p), vöxtum(i) og VLF. Ef að vextir lækka, verða vörukaup í dag ódýrari en áður þannig að eftirspurnarlínan hliðrast til hægri.

## Kafli 14 - Væntingar, verðbólga og atvinnuleysi

Einstaklingar taka ákvarðanir út frá væntingum þeirra um framtíðina. Í þessum kafla er fjallað um væntingar og hvaða áhrif þær hafa á efnahaginn.

Eins og áður hefur komið fram fara áhrif útvíkkandi peningamálastefnu eftir því hvort ákvörðunartakar í þjóðfélaginu búast við væntanlegum breytingum eða ekki. Ef að þeir búast ekki aukinni eftirspurn og verðaukningu munu eftirspurnaráhrifin tímabundið auka framleiðslu og minnka atvinnuleysi.

### *Hvenig myndast væntingar?*

#### **Aðlögunarvæntingar (Adaptive expectations hypothesis)**

Kenning um að ákvörðunartakar byggja framtímarvæntingar á reynslu fyrri tímabila. Út frá þessari kenningu má álykta að ef að stöðug verðbólga hefur verið seinustu misseri þá mun sú staðreynd vera meginhvatinn fyrir verðbólgu í nánustu framtíð.

#### **Ræðar vændir (Rational expectations hypothesis)**

Kenning þessi byggir á því að allir einstaklingar vega og meta allar upplýsingar varðandi framtíðaráhrif núverandi- og framtíðar-efnahagsstefnu hverju sinni. Út frá þessari kenningu breyta ákvörðunartakar um stefnu um leið og sönnunargögn benda til nýrrar þróunar í efnahagsmálum. Dæmi: Þeir læra af reynslunni og þegar upplýsingar berast um aukningu peningamagns taka þeir nýja stefnu.

#### **Phillipsferillinn (Phillips Curve)**

Phillips fékk fram samband atvinnuleysis og verðbólgu (launahækkanna) sem hægt var að mynda líkan um og þar með fá út svokallaða phillipskúrvu. Ferill þessi sýnir lægra atvinnuleysisstig við hærri verðbólgu. Phillips dróg engar ályktanir af þessi sambandi.

Margir helstu hagfræðingar sjöunda áratugnum drógu þær ályktanir af Phillipsferlinum að skipta mætti út atvinnuleysi af einhverju marki með aukinni verðbólgu. Á þeim tíma var almenn skoðun að sambandið milli verðbólgu og atvinnuleysis væri stöðugt og gilti til langs tíma. Nútímahagfræðingar eru hinsvegar á þeirri skoðun að samband þetta gildi aðeins til skamms-tíma.

#### *Phillipskúrfan og atvinnuleysi skýrð með aðlögunarvæntingum*

Hægt er að skýra Phillipskúrfuna með aðlögunarvæntingum. Þar sem aðlögunarvæntingar byggjast á fortíðarreynslu verður vaxandi verðbólga hröðu til þess að ákvörðunartakar vanmeta framtíðarverðbólgu. Þegar vinnumarkaðurinn vanmetur verðbólgu eru tvær ástæður fyrir því að verðbólga eykur atvinnu:

- **Óvænt verðbólga lækkar raunvirði launa langtíma-launasamninga**  
Langtímasamningar byggjast oft á verðbólgu seinustu ára. Þegar raunvirði launa lækkar skapast hvati fyrir atvinnurekendur að ráða fleiri starfsmenn.
- **Vinnuumsækjendur sækja fyrr um vinnu en ella vegna ofmats launa**  
Þeir einstaklingar sem leita að vinnu og vanmeta verðbólgu eru líklegri til að hefja vinnu þar sem þeir vanmeta þau laun sem eru í boði.

Þegar aðlögunarvæntingar gilda, munu ákvörðunartakar á endanum vænta verðbólgu í framtíðinni eftir ákveðinn tíma. Einstaklingar munu taka tillit til verðbólguþá við ákvörðunartökur. Verkalýðsfélög munu gera launasamninga sem stemma stigu við verðbólguna og vinnuumsækjendur munu meta launakjör með tilliti til verðbólgu. Þegar til lengri tíma er litið hverfa því áhrif verðbólgu á atvinnuleysi.

Þegar brugðið er til takmarkandi peningamálastefnu til þess að lækka verðbólgu vanmeta ákvörðunartaka framtíðarverðbólgu. Raunvirði launa hækkar og hvati fyrirtækja til ráðningu starfsfólks minnkar. Vinnuumsækjendur vanmeta launakjör í boði og taka sér lengri tíma í atvinnuleyt, s.s. atvinnuleysi eykst. Þetta háa atvinnuleysi helst þangað til ákvörðunartakar vænta minni verðbólgu.

Út frá þessu má álykta að það sé ekkert langtímasamband milli verðbólgu og atvinnuleysis. Jafnvægi næst ávallt þegar til lengri tíma litið í náttúrulegu atvinnuleysisstigi.

### *Phillipskúrfa skýrð með ræðum væntingum*

Samkvæmt kenningunni um ræðar væntingar munu einstaklingar vænta áhrifa fjármálabreytinga og breyta um stefnu til leiðréttingar. Þegar búist er við verðbólguaukningu munu verkalýðsfélög ganga harðar fram í kröfum sínum og fyrirtæki munu hækka verð og varast að ráða fleiri starfsmenn. Um leið og eftirspurnarhvatinn fer að virka verða einstaklingar búinn að gera þær ráðstafanir að hann hafi enginn áhrif á atvinnustig eða framleiðslu.

En þrátt fyrir að einstaklingar byggji allar sínar spár á öllum fánlegum upplýsingum þarf það ekki að þýða að spár þeirra séu ávallt réttar. Ef að verðbólga er vanmetin (ofmetin) þá skapar það skammtíma minnkun (aukningu) atvinnuleysis. En hvernig fara peningamál-ákvörðunartakar að því að vita hvenær einstaklingar ofmeta og hvenær þeir vanmeta framtíðarverðbólgu? Samkvæmt kenningunni um ræðar væntingar geta þeir það ekki.

Undir kenningunni um ræðar vændir er það mjög erfitt fyrir stjórnendur-peningamálastefnu að minnka atvinnuleysið. Aðeins er hægt að ná áhrifum í skamman tíma, þ.e. þangað til að fólk skynjar hvað er á ferðinni og ályktar um áhrifin. Slíkar aðgerðir verða að vera óvæntar til að a.m.k. einhver áhrif verði.

### *Peningamálastefna og ræðar vændir*

Áhrif efnahagsstefnu m.t.t ræðra vænda eru skýr. Út frá því má álykta að best sé að hafa efnahagsstefnu skýra, fyrirfram tilkynnta og með langtímamarkmið að leiðarljósi.

### *Væntingar og nútímaálit á Phillipskúrvunni*

- Eftirspurnarhvati mun leiða til verðbólgu án þess að eyða atvinnuleysi alveg.
- Um leið og einstaklingar vænta verðbólguáhrifanna mun skammtíma atvinnuleysi færast í náttúrulegt atvinnuleysisstig

- Þegar til lengri tíma er lítið mun verðbólga ekki minnka atvinnuleysi
- Þegar verðbólga er hærri en vænst hafði verið mun atvinnuleysi falla niður fyrir náttúrulegt stig. Þegar verðbólga er minni en væntingar mun atvinnuleysi rísa yfir náttúrulegt stig.
- Þegar verðbólga er stöðug mun raunverulegt atvinnuleysi vera jafnt náttúrulegu atvinnuleysisstigi.

### ***Skiptar skoðanir, aðlögunarvæntingar og ræðar vændir***

Ekki eru allir sammála undir hvora skilgreininguna þjóðfélagið fellur undir. Talsmenn ræðra vända saka alögunarvæntingamenn um barnaskap og alögunarvæntingamenn saka talsmenn ræðra vända um að fara villur vegar þar sem allflestir einstaklingar fylgjast ekki með nákvæmri þróun efnahagsmála og hafi því ekki fullkominn aðgang (áhuga) að öllum upplýsingum, eða þá þekkingu sem þarf til að móta nýja stefnu.

### ***Þjóðhagfræði og lækkun náttúrulegs atvinnuleysisstigs***

Nú hefur verið rætt um kosti og galla bæði fjármálastefnu og peningamálastefnu til þess að hafa áhrif á atvinnustig. Eru einhverjar aðrar leiðir færar til að minnka atvinnuleysi? Hér eru um að ræða þrjár aðferðir:

- **Endurskipulagning atvinnuleysisbótakerfisins**  
Atvinnuleysisbótakerfið var sett upp til að minnka þá erfiðleika sem atvinnuleysi gefur af sér. Slíkt kerfi minnkar fórnarkostnað atvinnuleitar, skemmtunar og áframhaldandi atvinnuleysis. Einn kostur er þó að með auknum starfsleitar tíma eru meiri líkur á því að einstaklingar fái starf sem er þeim meira við hæfi. Endurskipulagning bótakerfisins gæti hinsvegar lækkað atvinnuleysi, t.d. með því að:
  - **Hafa sérstakan launagreiðsluskatt sem bitni á fyrirtækjum sem segja upp stórum hluta starfsfólks síns reglulega**
  - **Gera kröfu á atvinnulausa að þeir taki hvaða starf sem er í boði eftir ákveðinn tíma (3 mán)**
  - **Láta atvinnuleysisbætur einstaklings minnka hlutfallslega á bótatímabilinu.**
- **Endurskipulagning lágmarkslauna**  
Þrátt fyrir að lágmarkslaun séu meint vel bitna þau mest á illa-hæfu og óreyndu starfsfólki. Í þessum hópi er sérstaklega mikið af ungu fólki. Lágmarkslaun letja þá starfsemi fyrirtækja að þjálfa óreynt starfsfólk á launum. Það gerir því erfiðara fyrir óreynt starfsfólk að afla sér reynslu
- **Þjóða upp á tækifæri til þjálfunar**  
Atvinnuleysis skapast oft af mismuni á hæfnis-þörfum markaðarins og hæfni væntanlegra starfsmanna. Tækifæri til þjálfunar gerir einstaklingum kleyft að svara eftirspurn vinnumarkaðarins og verða betur hæfir fyrir störf.

### **Peningaglýja (Money Illusion)**

Dæmi: Kaupið hækkar, og við trúum því að kaupmáttur hækkar að sama skapi.  
Eftir 3 mánuði standa launþegar vætánlega í sömu sporum, en á meðan eykst neysla v/"aukins" kaupmáttar og atvinnuleysi minnkar.

### *Hvernig hefur phillipsferillinn litið út á Íslandi*

Ef við tökum 1929 til 1939 þá kemur fram nokkurnvegin lárétt lína. Aðaláherslan var að halda föstu verðlagi og tók því atvinnuleysið á sig skellina. Á milli 1848-1985 voru punktar phillipsferilsins raðarðir í kringum lóðréttan ás. Þar var keyrt á fulla atvinnu hvað sem það kostaði.

## Kafli 15 - Hagstjórn, framleiðsla og atvinna

Hagsveiflur eru "vandamál" sem er til staðar í hverju hagkerfi. Það er mikil samstaða um markmið efnahagsstjórnunar. Allir eru sammála um það að árangur markaðsefnahags yrði meiri ef hagsveiflur yrðu mini, vöruverð væru stöðug og atvinnuleysis á lágu stigi (náttúrulegt). Það er hinsvegar ekki jafnmikil samstaða um aðferðirnar til að ná þessu markmiði.

Flestir þjóðhagfræðingar, sérstaklega þeir sem kenna sig við Keynes, fylgja Activist Strategy

### Virk stjórnun (Activist Strategy)

Sú skoðun að meðvitaðar breytingar í peningamála- og fjármála-stjórnun geti verði notaðar til að hvetja eftirspurn í kreppu og herða að þegar um óðaverðbólgu er að ræða. Fylgjendur virkrar stjórnunar hafa litla trú á sjálfleiðréttingarkerfi markaðarins þegar um óhjákvæmlega efnahagsbresti er að ræða eins og framboðsbresti (léleg uppskera, breyting í olíuverði o.fl). Þeir hafa mikla trú á margföldunaráhrifum í þjóðfélaginu og telja að þau séu aðaláhrifavaldur hagsveiflna. Þeir telja að til séu sjálfleiðréttingarkerfi, en að þau séu allt of hægfara, þannig að betra sé að hraða leiðréttingarferlinum með efnahagslegum aðgerðum.

### Óvirk stjórnun (Nonactivist Strategy)

Viðhald sömu peningamála- og fjárhagsstefnu, þ.e. engin breyting í peningamagnsaukningu, skattalögum eða útgjöldum á öllum tímabilum hagsveiflunnar.

Fylgismenn óvirkrar stjórnunar mynda mótsvar við skoðanir virkrar stjórnunar. Þeir halda því fram að besta leiðin til að minnka hagsveifluna sé að halda stöðugleika í hagstjórn án tillits til hagsveifluaðstæðna. Þeir telja sjálfleiðréttingarkerfi markaðarins vera mjög virkt og að það myndi ráðast gegn langvarandi atvinnuleysi og kreppu ef stjórnvöld héldu stöðugri stefnu í efnahagsmálum í stað þess að reyna að leysa vandann með virkri hagstjórn.

### *Framkvæmd virkrar hagstjórnar*

Hagstjórn dregur úr hagsveiflunni og minnkar óstöðugleika aðeins ef hún dælir hvata og setur hindranir á réttu stigi hagsveiflunnar. Rétt tímasetning er lykilatriði að árangursríkri jöfnun hagsveiflunnar. Það tekur tíma fyrir hagstjórnaraðgerðir að virka þannig að stjórnvöld verða að geta séð fyrir ástand efnahagsins í nánustu framtíð til þess að geta tekið réttar ákvarðanir. Ef þeir vita ekki hvert stefnir er hætta á því að hagstjórnaraðgerðir verði til skaða. Til þess að komast að raunhæfri mynd um hvert efnahagurinn stefnir nota stjórnvöld ýmsar vísitölur og hagspárlíkön. Gallinn við hagspárlíkön er sá að erfitt er fyrir þau að sjá fyrir mikilvægar sveigjur í hagsveiflunni.

Sumir hagfræðingar halda því fram að besta leiðin til að sjá fyrir hagsveiflubreytingar sé að fylgjast með upplýsingum af sjálfum einkamarkaðinum. Helst eru það þrjár vísitölur sem fylgjast þarf vel með:

- **Vöruverð**  
Ef að vöruverð eykst til mikilla muna bendir það til aukningu peningamagns og er vísbending um að beita takmarkandi hagstjórnaraðgerðum
- **Halli vaxtakúrfunar**  
Halli vaxtakúrfunar segir til um samband milli skammtíma vaxta og langtímavaxta. Ef að línan hallar niður á við, þ.e. skammtímavextir eru hærri en langtímavextir bendir það til þess að skortur sé á peningum og er vísbending til útvíkkandi peningamálaaðgerða.
- **Gengisskráningar**  
Gengisskráningar segja til um hversu mikils einstaklingar meta ákveðna gjaldmiðla. Ef gengi USD minnkar er það vísbending til stjórnvalda um að minni löngun sé að halda verðmætum í USD, vegna t.d. hræðslu um verðbólgu. Bendir til þess að beita þurfi takmarkandi peningamálastefnu

### Samantekt virkrar stjórnunar

Fylgjendur virkar stjórnunar leggja áherslu á að vísitölur, spálíkön, markaðsupplýsingar og aðrir hagvísar myndi ákveðið forvarnarkerfi fyrir stjórnvöld. Út frá þessum upplýsingum sé hægt að sjá hvert stefni í efnahagsmálum, þannig að hægt sé að taka tímanlega á einhverjum sveiflum með vægum hagstjórnaraðgerðum.

### Framkvæmd óvirkrar hagstjórnar

Eins og áður kom fram byggir óvirk hagstjórn á sem mestum stöðugleika í efnahagsstjórnun stjórnvalda. Samkvæmt kenningum um óvirka hagstjórn eru þrjú atriði sem koma í veg fyrir að hægt sé að nota virka hagstjórn til sveiflujöfnunar:

- **Tafir og erfiðleikar við rétta tímasetningu aðgerða**  
Tafir er eitt helsta gagrýnisefni fylgjendum óvirkrar hagstjórnar. Þeir halda því fram að það sé ekki með nokkru móti hægt að spá fyrir um efnahagsþróun með einhverri vissu, þar sem að hagkerfi byggjast á svo ótal mörkum ólíkum og flóknum þáttum. Og þótt hægt væri að spá fyrir um framtíðina liði það langur tími fram að fyrstu áhrifamerkjum hagstjórnaraðgerða kæmu þau áhrif of seint.
- **Þekkingartöf (Recognition Lag)**  
Sú töf sem liggur í því að ákveðinni tími er á milli þess tímapunnts þar sem þörfin á hagstjórnaraðgerðum er mest þangað til stjórnvöld átta sig á þessari þörf.
- **Stjórnunartöf (Administrative Lag)**  
Sá tími sem líður frá því að stjórnvöld átta sig á þörf fyrir hagstjórnaraðgerðir þangað til einhver ákvörðun er tekin
- **Áhrifatöf (Impact Lag)**  
Sá tími sem líður frá því að hagstjórnaraðgerð er hrint í framkvæmd þangað til að fyrstu áhrif koma í ljós (Oft 12 - 18 mánuðir).

- **Stjórnsmál og tímasetning stefnubreytinga**  
Almannavalsfræðin hefur sýnt fram á það að mikill hvati er fyrir stjórnsmálsmenn að nota hagstjórn til þess að keppa að pólitískum markmiðum í stað hagsveiflujöfnunar. Stjórnsmál eru í eðli sínu þannig að stór hvati er fyrir stjórnsmálsmanna að líta aðeins fram að næstu kosningum. Hægt er að hafa áhrif á kosningaúrslit með rétt tímasettum hagstjórnaraðgerðum.
- **Ræðar vændir og lélegur árangur**  
Kenningin um árangurslausa stenu (Policy Ineffectiveness Theorem) segir að kerfisbundnar hagstjórnaraðgerðir reynist árangurslausar um leið og ákvörðunartakar finni út stefnumynstrið og breyti ákvörðunum sínum m.t.t. væntanlegra áhrifa.

### ***Jöfnunarstefna óvirkar stjórnunar***

Þrátt fyrir að allir mismunandi skoðanahópar innan hagfræðinnar hagi mismunandi skoðanir komast þeir allir að sömu niðurstöðu. Þeir eru allir sammála um eftirfarandi atriði:

- **Hentisemis-hagstjórnarstefna á stóran þátt í hagsveiflum**
- **Meiri stöðugleiki yrði ef að stöðug og væntanleg stefna byggð á fyrirframákveðnum reglum ríkti.**

En hvernig á að beita hagsjón samkvæmt óvirkri stjórnun? Fylgjendur óvirkar stjórnunar telja að óvissa sé stór þáttur í hagsveiflunni. Út frá þeirri staðreynd ættu stjórnvöld að setja sér langtíma markmið og vinna markvisst að þeim án tillits til hagsveiflunnar. Við þetta myndi traust á stjórnvöld aukast og óvissa minnka

### ***Peningamálastefna óvirkar stjórnunar***

Fylgjendur óvirkar stjórnunar deila um leiðir í peningamálastjórnun. Hér er aðalega um eftirfarandi þrjár leiðir að ræða:

- **Peningaregla (Monetary Rule)**  
Þessi regla er ein sú þekktasta, en Milton Friedman var einn dyggasti fylgismaður hennar. Hún snýst um það að peningamagn skuli aukið samfellt á ársgrundvelli um þá upphæð sem samsvarar langtíma aukningu VLF. Slík stefna myndi sjálfkrafa mynda takmarkanir við uppsveiflu þar sem að peningamagn jykist hægar en VLF. Einnig myndi hún vera þensluhvetjandi í hallæri þar sem peningamagn jykist hraðar en VLF. Ef þessi áhrif eiga að koma fram verður hinsvegar veltuhraði peninga að vera nokkuð jafn, en fylgismenn peningareglunnar telja að veltuhraðinn sé nokkuð stöðugur.
- **Nafntekjuregla (Nominal Income Rule)**  
Veltuhraði peninga getur breyst hvenær sem er, en slíkar breytingar hafa bein áhrif á peningamagn í umferð. Nafntekjuregla kveður á um að peningamagn sé auknið jafnt og þétt eins og í peningareglunni að viðbættum frávikum í veltuhraða (þ.e. nafntekjuvirði, m.v. langtíma hagvöxt)

- **Verðlagsreglan (Price Level Rule)**

Þessi regla segir að peningamálastjórnun ætti að vera beintengd "víðri" vísitölu, eins og t.d. framfærsluvísitölu. Röksemdafærslan fyrir þessari reglu er sú að fylgjendur hennar telja að stjórnvöld geti ekki áætlað hagstærðir eins og hagvöxt, vexti og atvinnu fram í tímann. Því sé besti mælikvarðinn á framtíðinna verðlagið í þjóðfélaginu.

***Fjármálastefna óvirkrar stjórnunar***

Meginmarkmið fjármálastjórnunar á að verða stöðug fjárlög samtals yfir alla hagsveiflunna, jöfn útgjöld og jafna skatta öllum stundum. Þetta verður til þess að í góðæri safnast sparnaður hjá ríkinu sem að hallærið étur upp. Helsti galli við þessa aðferð er að erfitt er að sjá raunverulegan árangur stjórnvalda. Samkvæmt almannavalsfræðinni er það t.d. næstum óframkvæmanlegt fyrir pólikusa að "gera ekkert til bjargar landanum" í hallæri.

## Kafli 16 - Ríkishalli og skuldasöfnun

Fyrir tíma Keynes var það almennt álitid að fjárlög þyrftu að koma út á núllinu í lok hvers árs. Eftir það losnuðu hömlur og möguleikar til skuldasöfnunar stjórnvalda jukust. Enginn áhersla var lögð á skuldir þjóðfélaga fyrr en í byrjun níunda áratugsins, en þá varð fjárlagahalli og þjóðarskuld USA að umfangsmikilli uppsprettu fréttu.

Fjárlagahalli og þjóðarskuld eru nátengd fyrirbæri. Sjálfur hallinn er hugtak sem skýrir flæði á ákveðnu tímabili, en skuld er yfir þá samtals skuld sem safnast hefur upp og er útistandandi.

### Þjóðarskuld (National Debt)

Heildarsumma skulda Seðlabanka í formi útistandandi vaxtaberandi bréfa. Þessi heildarskuld sýnir uppsöfnuð áhrif fjárlagahalla og afgangsskjóla. Fjárlagahallinn er oft sýndur sem þróendur af VLF.

En hverjir eru kröfuhafar þjóðarskuldar? Í USA eru það 55.7% bandarískir borgarar og einkafyrirtæki/stofnanir. Útlendingar eiga c.a. 1/8 af heildarskuldum. Sá hluti sem erlendir aðilar eiga kröfu á er oft nefndur **Skuldir við útlönd (External Debt)**. Aðrir kröfuhafar eru bandarískar ríkisstofnanir og seðlabankinn sjálfur. Þar sem bandarísk stórnvöld bæði greiða og taka á móti vöxtum af slíkum lánnum eru sá hluti þjóðarskuldar ekki raunveruleg nettó skuld.

### Nettó þjóðarskuld (Netto National Debt)

Þjóðarskuld að frádegnum lánnum frá bandarískum ríkisfyrirtækjum, ríkisstofnunum og seðlabankanum sjálfum.

### Áhyggjur v/skuklda

Er þjóðarskuld áhyggjuefni? Ýmsar skoðanir eru á þessu málu eins og t.d. sú að verið sé að eyða á kostnað komandi kynslóðar þegar ríkið er rekið með halla.

- **Sá hluti skulda sem er í eign ríkisborgara þjóðfélagsins felur í sér hærri framtíðarskatta, en einnig hærri framtíðarvaxtatekjur hjá þeim ríkisborgurum sem eiga ríkisverðbréf.**
- **Ekki er hægt að dreifa fórnarkostnaði auðlinda vegna notkunar ríkisins á þeim á komandi kynslóðir þótt ríkið beiti lántökum.**  
Þ.e. þegar að ríkið eyðir og fjárfestir nýttir það auðlindir sem annars hefði verið nýttar í einkageiranum. Einkaneysla og fjárfesting minnkar þegar að útgjöld ríkisins aukast, og skiptir engu hvort viðkomandi útgjöld voru fjármögnuð með skattþeningum eða lánsfé

- **Ef að núverandi kynslóð safnar upp fjármunum til framleiðslu (vélum, þekkingu, verksmiðjum) þá mun framleiðslugeta komandi kynslóðar verða há.**

Að sama skapi verður framleiðslugeta hennar lægri ef fjármunir sem við skilum af okkur til framtíðar verða lægri en þeir eru nú. Réttur mælikvarði á árif skuldasöfnunar felur óhjákvæmilega í sér þekkingu á áhrifum fjárlagahalla á fjármagnssöfnum.

Þegar viðbótarframleiðslugeta er til staðar í þjóðfélaginu getur fjárlagahalli hvatt heildareftirspurn og orðið til þess að ónotaðar auðlindir nýtist til að framleiða fjármuni og neysluvörur. Undir slíkum aðstæðum verður hann til þess að fjármunir til komandi kynslóða aukast og væntanleg velferð að sama skapi.

Áhrif fjárlagahalla á "venjulegum" tímum er hinsvegar flóknari. Ef að ríkisútgjöldum er haldið stöðugum, hver verða skiptiáhrif skulda-fjármögnunar gegn skattainnheimtu á aukningu gjármuna? Til eru tvær eftirfarandi kenningar:

### **Hefðbundið sjónarmið (Traditional view of Budget Deficits)**

**Fjárlagahalli fjármagnaður með lántökum minnkar fjármunauppsöfnun handa komandi kynslóðum.**

Þessi kenning er rökstudd með því að þegar að stjórnvöld taka lán frá þegnum þjóðfélagsins, líta þegnarnir á lánskröfuna (skuldabréf / víxlar) sem sína eign. Auður fólks hefur mikil áhrif á neyslu/sparnaðarferli þeirra. Því meiri sem auður einstaklings er, því meiri líkur eru á því að hann eyði meira í neyslu og þeim mun minna í sparnað, að öðru óbreyttu. Þegar skattinnheimtur eru notaðar til greiðslu halla sjá skattgreiðendur ekki auð sinn aukast og neyslu/sparnaðarferli haldast þau sömu. Ef að einstaklingar eyða minna í sparnað og meira í neyslu minnkar fjármagnssöfnun þjóðfélagsins og framleiðslugeta næstu kynslóðar minnkar.

### **Nýklassískt sjónarmið (New Classical View of Budget Deficits)**

**Skiptiáhrif lántöku lántöku gegn skattheimtu hafa lítil áhrif á þjóðfélagið og velferð komandi kynslóða.**

Hagfræðingar samþykktu ekki allir hefðbundna sjónarmiðið. Fremstur í flokki var Richard Barro sem var einn af þeim sem aðhylltist nýklassíska sjónarmiðið, en það segir til um að aukin skuldsetning sé jafngild auknum sköttum. Ef einstaklingar búast fastlega við auknum skattbyrðum í framtíðinni vegna skuldasöfnunar mun það hafa áhrif á neyslufurli þeirra, þannig að ekki ætti að skipa máli hvort stjórnvöld fjármögnuðu halla með lánnum eða sköttum. Ef að lántöku væri beitt (aukin eftirspurn eftir lánsfé) myndi aukinn sparnaður einstaklinga vera jafn (framboð eftir lánsfé) og raunvextir óbreyttir.

### **Tölfræðileg sönnunargögn varðandi áhrif fjárlagahalla**

Ákveðnar tölfræðilegar rannsóknir hafa verið gerðar til þess að reyna að skýra út skiptiáhrifin við fjármögnun fjárlagahalla. Rannsóknir sem kanna tímabil fyrir 1980 sýna örveikt samband milli lántöku ríkis og raunvaxta. Hinsvegar hafa rannsóknir á stórum fjárlagahöllum eftir 1980 styrkt stöðu hefðbundnu sjónarmiðanna, en við mikinn halla minnkaði fjárfesting og neysla/innflutningur jókst. Richard Barro mótmælti þessu

rannsóknnum og sagði að niðurstaðan yrði önnur ef tölur þessar væri reiknaðar á raunvirði en ekki nafnvirði. Einnig benti hann á það að markaðsverð ýmissa rekstrarfjármuna hefði minnkar og nefndi t.d. tölvur.

### ***Er einhver hættu fólgin í erlendum fjárfestum?***

Þegar talað er um aukningu erlendrar lántöku, er oft talað um nettó aukningu, en það er innstreymi lánsfjár - útstreymi lánsfjár. Innstreymi peninga leiðir til lægri vaxtastigs (aukið framboð lánsfjár) og hvetur þannig til frekari fjárfestingar. Fjármunir erlendis frá auka framleiðni og tekjur Íslendinga. Ef fjármuninum er rétt varið verða tekjur af þeim meiri en vaxtagreiðslur. Ef hinsvegar þeim er illa varið mun auður fjárfesta (sem tóku lánið) minnka. En svona er þetta líka með innlenda lántöku.

Hvað myndi gerast ef allir erlendir fjárfestar drægju úr fjárfestingu sinni? Vextir myndu hækka og draga að aðra fjárfesta í staðin (crowding out effect).

### ***Fjárhagsleg áhrif aukins vaxtakostnaðar***

Það fer ekki framhjá neinum að aukin skuldasöfnun leiðir til aukins vaxtakostnaðar. Eftir því sem vandamálið eykst verður erfiðara að kljást við það. Meðan stjórnvöld hafa traust, reynist lítið mál fyrir þau að endurfjármagna lán og vaxtagjöld með nýjum lánnum. Traust getur hinsvegar minnkað með aukinni skuldabirgði og hræðsla "peningarentunar" skapast. Við það geta vextir aukist (inflation premium) og aukið enn á vanda stjórnvalda. Í verstu tilfellum neyðast stjórnvöld til að skapa óðaverðbólgu til þess að greiða niður skuldir eins og dæmi eru um í Bólivíu, Argentínu, Cile og Brasilíu.

### ***Er stærð fjárlagahallans ýkt af fólki?***

Sumir hagfræðingar halda því fram að "fjárlagahallavandamálið" hafi verið ýkt vegna þess að ekki séu tekin með í reikninginn eftirfarandi atriði:

- **Rekstrarafgangur sveitar- og bæjarfélaga koma upp á móti halla ríkis**  
Oft er svo að ríkið sé keyrt með bullandi halla á meðan að sveitar- og bæjarfélög koma út í plús.
- **Taka þarf tillit til fjármögnunarútgjalda ríkisins**  
Þær tölur sem birtast í fjárlagahalla taka ekki tillit til þess hvort útgjöld séu vegna kostnaðar eða fjármagnsuppbyggingar. Fjármagnsuppbygging skapar tekjur í framtíðinni og að taka fjármagnsuppbyggingar-lántökur með í sjálfan fjárlagahallan gefi í raun skakka mynd af hallarekstrinum

- **Verðbólga ruglar upphæðir fjárlagahallans**

Markaðsvextir (óverðtryggðir) fela í sér væntanlega verðbólgu. Ef verðbólga er í þjóðfélaginu er nafnvirði vaxtagreiðslna ríkisins hærra en annars (aukinn kostnaður) og verður til þess að stærri halli verður í árslok. Það er hinsvegar ekki tekið með í reikninginn að raunvirði eftirstandandi skuldar lækkaði jafn mikið og verðbólguþókusinn sem greiddur var (capital gain). Þessi raunlækkun skulda er ekki tekin með sem tekjur á rekstrarreikningi.

### ***Felur rekstrarafgangur velferðakerfisins stærð hallans?***

Fjárlagahalli samanstendur m.a. af tekjum og gjöldum ýmissa sjóða, einnig þeirra sjóða sem tengjast velferðarkerfinu. Tekjur ríkisins sem flæða inn í þessa sjóði er stór hluti af heildartekjum. Í USA er það markmið sett að reka slíka sjóði með tekjuafgangi. Þessir tekjuafgangar eru teknir með í þjóðhagsreikninganna þrátt fyrir að þeir tilheyri viðkomandi sjóðum. Hlutverk tekjuafgangsins er að tryggja það að sjóðirnir falli ekki þótt ásókn í velferðarkerfið aukist. Ef þessir tekjuafgangar væru ekki teknir með í þjóðhagsreikningum væri skráður fjárlagahalli USA stærri.

### ***Ótamdir stjórnálamenn og fjárlagahallinn***

Að eyða um efni fram er mjög arðvænlegt fyrir stjórnálamenn. Þjóðfélagsþegnar finna ekki strax fyrir hinni þungu skattbirgði, geta notið þjóðfélagsgæða "ódyrt" (að þeir halda) og stjórnálamamaðurinn fær strax hrós um velgengni. Samkvæmt almanna-valsfræðinni er hallarekstur náttúruleg afleiðing ótamdra lýðræðislegra stjórnálama.

### ***Kerfisbundnar breytingar gegn fjárlagahalla***

Almannavalsfræðingar segja að skattahækkningar myndu gera lítið gagn við að ráða niðurlögum fjárlagahalla. Út frá kenningum þeirra má rökstyðja að auknar tekjur myndu aðeins þýða auka eyðslu. Fjárlagahallinn væri leið til að breiða yfir hluta kostnaðarins og engin sjáanleg ástæða væri fyrir því að stjórnálamenn nýti hana ekki.

### ***Stjórnarskrárbreytingar***

Einn af mörgum möguleikum í baráttunni við fjárlagahalla er stjórnarskrárbreyting. Hægt væri að semja ákvæði í stjórnarskránni sem væri krafa um hallalaus fjárlög. Öll frávik frá því þyrftu að fá samþykkt afgerandi meirihluta þings. Gallinn gæti hinsvegar verið sá að stjórnvöld gæfu út óraunsæja rekstrarreikninga með óraunsæjum spám til þess að losna undan stjórnarskrárhömlum.

## Kafli 31 - Alþjóðaviðskipti / verkaskipting þjóða

Alþjóðaviðskipti eru af hinu góða. Þau hafa, eins og önnur viðskipti, þann eiginleika að bæði kaupandi og seljandi hagnast af þeim (eða áætla sér væntanlegan hagnað).

Lögmálið um hlutfallslega yfirburði skýrir það hvernig tvær þjóðir geta hagnast báðar af öllum sínum millilandaviðskiptum

### Hlutfallslegir yfirburðir (Comparative Advantage)

Möguleikinn að framleiða gæði með lægri fórnarkostnaði en hjá öðrum. Kostnaðarhlutföll skera úr um yfirburðina. Þjóð hefur hlutfallslega yfirburði í framleiðslu á ákveðinni vöru ef það hlutfallslega lægra að framleiða hana miðað við framleiðslu á öðrum vörum, ef borið er saman við aðrar þjóðir.

Hlutfallslegir yfirburðir þjóðar fara oft eftir hvernig auðlindaskipting hennar er. Þess vegna sérhæfa lönd eins og Ástralía og Kanada sig í framleiðslu á "land-sólginni" framleiðslu (hveiti, kjöt o.fl) en Japan í framleiðslu á raftækjum.

### Algjörir yfirburðir (Absolute Advantage)

Þjóð er í þessari aðstöðu þegar hún hefur meiri yfirburði (vegna reynslu / auðlinda) í framleiðslu á öllum vörum.

Jafnvel þótt einhver þjóð hafi algera yfirburði þá getur hún hagnast af alþjóðaviðskiptum þar sem að fórnarkostnaður einnar vöru m.t.t. annara gæða er mismunandi eftir löndum. Sameiginlegur hagnaður milli viðskiptaaðila verður þegar hver þjóð sérhæfir sig í framleiðslu á þeim gæðum sem hún hefur minnstan fórnarkostnað við að framleiða og skiptir hluta af þeim gæðum fyrir gæði sem hún hefur hæstan fórnarkostnað til framleiðslu. Hlutfallslegir yfirburðir eru því meginuppspretta hagnaðs í alþjóðaviðskiptum.

### Hagfræði viðskiptahafta

Þrátt fyrir hagræði alþjóðaviðskipta hafa flestar þjóðir sett upp ýmis viðskiptahöft og tollagjöld

### Tollur (Tariff)

Skattur sem lagður er á allar influttar vörur

Þegar tollur er lagður á influtning einhverrar vörutegundar verður markaðsverð hennar hærra en heimsmarkaðsverð. Við það hækkar verð og eftirspurn minnkar. Við herra verð geta innlendir framleiðendur vörunnar selt fleiri einingar á herra verði og græða. Eftirspurn eftir innfluttu vörunum minnkar og ríkið fær tollatekjur. Hinsvegar skapast ákveðið velferðatap sem hagnast engum. Þegar tollar eru settir orsakar það að auðlindir annars yrðu nýttar í framleiðslu á "efficient" vörum eru nýttar í framleiðslu á óarðvænum vörum (þjóðfélagslega séð) og minnkar því hlutfallslega yfirburði þjóðarinnar.

### Innflutningstakmarkanir (Inport Quota)

Innflutningstakmörkunum er líkt og tollum ætlað að takmarka framboð erlendra gæða og vernda innlenda atvinnuvegi. Þetta er gert með því að ákveða hversu mikið af akveðinni vöru má flytja inn á ákveðnu tímabili (oftast ári)

Innflutningstakmarkanir valda að öllu jöfnu meiri þjóðfélagslegum skaða en tollar. Við setningu innflutningstakmarkanna verður minna framboð og verð hækkar. Eftirspurn minnkar við hærra verð, en innlendir framleiðendur auka sína framleiðslu í kjölfar hærra verðs. Einn megin ókosturinn er þó að enginn peningur rennur til stjórnvalda í formi tolla. Þessar tekjur renna því beint til þeirra erlendu framleiðenda sem njóta þeirra forréttinda að selja upp í innflutningskvótann á hinu uppsprengda verði.

### Af hverju setja þjóðir viðskiptatakmarkanir á?

Ef viðskiptatakmarkanir skapa óhagkvæmni og minnka væntanlegan arð af sérhæfingu og viðskiptum, hvers vegna eru þær settar upp? Margar ástæður eru fyrir því. Fyrst skulu upp taldar þær ástæður sem hafa a.m.k. einhvern rétt á sér:

- **Þjóðaröryggi (National Defense Argument)**  
Sumir atvinnugefir eru nausynlegir fyrir varnarkerfi þjóðar (vopn, flugvélar, olía etc). Oft er það þannig að stjórnvöld vilja ekki að slík innanlandsframleiðsla verði undir vegna innflutnings. Oft er þetta ákvæði þó ofnotað og ýmsar viðskiptatakmarkanir rökstuddar með því, þrátt fyrir að umdeilanlegt sé hvort þetta sé virkilega nauðsynlegt.
- **Ungir-atvinnuvegir (The Infant-Industry Argument)**  
Margir halda því fram að ungir innlendir atvinnuvegir skyldu verndaðir af samskonar atvinnuvegum erlendis sem eru eldri og búa yfir meiri stöðugleika. Gallinn við setningu takmarkanna sem slíkum er að mjög erfitt reynist að fjarlægja þær aftur þegar innlendi atvinnuvegurinn er loks orðinn stöðugri.
- **Varnir gegn undirboðum erlendra framleiðenda (Anti-Dumping Argument)**  
Undirboð í útflutningi er þegar erlundur framleiðandi selur vörur inn á einhvern markað undir kostnaðarverði (læggra en á heimamarkaði t.d.) til þess að ráðast inn á markaðin. Við slíkt undirboð hagnast neytendur á lægra vöruverði en innlendir framleiðendur tapa vegna minni sölu. Hætta er þó á því að erlendi framleiðandinn hækki verðið aftur þegar innlendri framleiðslu hefur verið rutt úr vegi. Það sem getur þó hinsvegra komið í veg fyrir það er endurreisn innlendar framleiðslu og innganga annara erlendra aðila inn á markaðinn.

### Viðskiptahindranir og innlend atvinna

Hluti rökstuðnings viðskiptahindrana felur í sér varðveislu ákveðinna starfa sem annars yrðu óþörf. En til langs tíma geta viðskiptatakmarkanir ekki verndað störf. Þau störf sem vernduð eru með takamörkunum jafnast að lokum ekki á við þau störf sem tapast í útflutnings-atvinnuvegum.

***Sérhagsmunahópar og pólitík viðskiptahindranna***

Jafnvel þótt viðskiptahindranir skapa óhagkvæmni og skaða velferð þjóðfélagsins munu stjórnámálamenn ávallt hagnast á þeim. Kostnaður vegna viðskiptahindranna dreifist á fjölda fólks (þjóðfélagið) þannig að hver einstaklingur fyrir sig tekur vart eftir honum. Hagnaður vegna þeirra dreifist hinsvegar á fáa og er auðsjáanlegur. Þetta skapar því hvata fyrir stjórnámálamenn að nota viðskiptahindranir í sína þágu til þess að safna atkvæðum eða fá stuðning.

***Átak til afléttingar verndarstefnum***

Nú á síðustu áratugum hafa þjóðir séð sér hag í því að létta af ýmsum tollum og má þar með nefna GATT samkomulagið og Evrópubandalagið

## Kafli 32 - Fjármagnshreyfingar og vaxtamyndun

### Gengismarkaðurinn (Foreign Exchange Market)

Sá markaður þar sem verslað er með mismunandi gjaldmiðla.

### Gengi (Exchange Rate)

Innlent verð einnar einingar af erlendum gjaldeyri.

### Gengislækkun (Depreciation)

Þegar gengi innlands gjaldmiðils (krónu) er lækkað þýðir það að hann verður ódýrari, þ.e. til þess að kaupa aðra gjaldmiðla þarf að leggja meira fram af innlendum gjaldeyri en áður. Gengislækkun minnkar kaupmátt á influttum vörum.

### Gengishækkun (Appreciation)

Gengi innlands gjaldmiðils hækkar, þannig að verð annara gjaldmiðla minnkar. Kaupmáttur á innfluttum vörum eykst.

### *Gengisskráningu undir sveigjanlegu kerfi*

Þegar gengisskráning er sveigjanleg og gengið "á flot" þá stjórnast gengi gjaldmiðla eingöngu af markaðsöflum. Ef að eftirspurn er í USA eftir breskum vörum þá eykst eftirspurn eftir pundum til að kaupa þær. USA lætur borgar í dollurum fyrir pundin þannig að framboð USD eykst. Gengisskráning er því að meginstefnu til spegilmynd verðmætis vöruskipta milli landanna.

Hvað gerist ef að gengi GBP hækkar skyndilega. Breskar vörur verða dýrari fyrir USA svo að innflutningur breskra vara hjá USA minnkar. Þetta kemur fram í lægri eftirspurn eftir GBP. Á sama tíma yrðu USD vörur ódýrari fyrir breta þannig að vöruflutningur frá USA til Bretlands eykst. Þetta eykur eftirspurn eftir dollar og eykur framboð á GBP. Af þessu má sjá að gengi kemst ávallt í jafnvægi þrátt fyrir truflanir.

Þegar gengi flýtur mun það flakka um eftir markaðsaðstæðum. Allar breytingar sem breyta vöru, þjónustu og eignaflutning milli landa hafa áhrif á gengisskráninguna. Helstu atriði sem hafa áhrif á gengi eru:

- **Breytingar í þjóðartekjum**  
Þegar þjóðartekjur aukast er hvati á þegnana að flytja meira inn (heildarneysla eykst). Þegar innflutningur eykst lækkar innlendi gjaldmiðilinn.
- **Mismunur á verðbólgu**  
Þegar mikil verðbólga ríkir eykst innflutningur. Útflutningur minnkar að sama skapi. Ásókn í erlenda gjaldmiðla eykst. Þetta þýðir að innlendi gjaldmiðilinn lækkar í verði.
- **Vaxtabreytingar**  
Skammtímafjárfestingar eru mjög viðkvæmar fyrir raunvaxtabreytingum. Skammtímafjárfestar reyna að fjárfesta á þeim svæðum þar sem raunvextir eru hæstir miðað við áhættu. Ef að innlendir vextir hækka eykur það eftirspurn eftir innlendum gjaldmiðli (esp. fjárfesta) og innlendir fjárfestar fjárfesta frekar

innanlands (esp eftir erlendum gjaldeyri minnkar). Þetta gefur af sér hækkun innlenda gjaldmiðilsins.

### **Fastgengiskerfi**

Milli 1944 og 1941 voru flestir gjaldmiðlar heims samkvæmt fastgengisstefnu. Þegar um fast gengi var að ræða, festu stjórnvöld gjaldmiðil sinn við aðra gjaldmiðla (USD, GRP, gull o.s.frv) til langs tíma. Stjórnvöld pössuðu upp á að gjaldmiðilinn færðist aldrei til með því að annaðhvort kaupa eða selja á móti markaðinum.

Til þess að fastgengisstefna virki verður hver þjóð að eiga stóran sjóð af öðrum myntum sem gera þeim kleift að ráðast gegn frávikum markaðarins frá fasta genginu. Eftir seinni heimstyrjöldinni var Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn stofnaður til að hjálpa þjóðum með skammtímalánum til að þau geti viðhaldið fastgengisstefnu.

### **Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn (International Monetary Fund)**

Bankastofnun fleiri en 100 þjóða, skipaður til þess að hafa umsjón með alþjóða-gjaldeyrismálum. Sjóðurinn stjórnar ekki framboði af peningum, en heldur hinsvegar utan um miklar varabirgðir af gjaldeyri og veitir gjaldeyrislán til seðlabanka aðilarlandanna.

Fastgengiskerfið byggir á því að innflutningur sé greiddur með útflutningi. Viðskiptahallinn er þó aldrei á sjálfu núllinu en ætlast er til þess að meðaltalsviðskiptahalli sé það, þ.e. ekki viðskiptahalli (eða viðskiptaafgangur) ár eftir ár. IMF studdi ríki í því að koma reglu á viðskiptahallann með því að setja ákveðin skilyrði við lánveitingum sínum.

En hvaða skref getur þjóð tekið sem er stöðugt með meiri innflutning en útflutning?

- **Gengisfelling**  
Gengisfelling er aðgerð sem lækkar verðgildi þeirrar myntar sem felld er. Þegar gjaldmiðill er ofmetinn hjálpar gengisfelling að samræma framboð og eftirspurn eftir gjaldmiðlinum.
- **Aukning viðskiptahindrana, uppsetning tolla og influtningstakmarkana**  
Við auknar viðskiptahindranir dregur úr innflutningi og framboð/eftirspurn myntar geta hrokkið í jafnvægi. Gallinn er að við þetta verður ákveðið velferðatap vegna óhagkvæmni í nýtingu auðlinda
- **Efnahagsaðgerðir sem miða að því að lækka verðbólgu og auka vexti**  
Stjórnvöld geta notað fjármála- og peningamálaaðgerðir til þess að hafa áhrif á verðbólgu og vexti. Þannig er hægt að koma framboð og eftirspurn eftir viðkomandi gjaldmiðli í rétt jafnvægi.

### **Greiðslujöfnuður (Balance of Payments)**

Summa allra hagfræðilegra færslna milli þjóðar og annara landa á ákveðnu tímabili (oftast einu ári). Vöruskiptajöfnuðurinn inniheldur allar greiðslur og skuldir til útlendinga og allar tekjur meðtekna frá útlendingum og lán til útlanda.

**Viðskiptajöfnuður (Current Account)**

Skrá yfir allar hagfræðilegar færslur við erlendar þjóðir sem fela í sér skipti á vöru, þjónustu eða gjöfum

Slíkum færslum má skipta í þrjá flokka:

- **Vöruskipafærslur (Merchandise Trade Transactions)**  
Útflutningur og innflutningur vöru myndar stærsta hluta viðskiptajöfnuðsins. Mismunur vöruútflutnings og innflutnings er kallaður viðskiptajöfnuður (Balance of Merchandise Trade)
- **Út- og innflutningur þjónustu**  
Þessi liður hefur einnig mikil áhrif á gengismarkaðinn. Hér er um að ræða t.d. trygginar-, flutnings- og bankaþjónustu.
- **Tekjur og gjöld vegna fjárfestinga / lánsviðskipta**
- **Gjafir inn og út**

**Fjármagnsfærslur (Capital Account Transactions)**

Undir þetta eru flokkaðar allar þær færslur sem snúast um eignarbreytingu á raunverulegum og fjármagnslegum eignum. Þessar færslur samanstanda af fjárfestingum íslendinga í útlöndum/fjárfestingum útlendinga á Íslandi og erlendum lántökum / lánveitingum.

**Sérstök dráttarréttindi (Special Drawing Rights)**

Aukabirgðir í forni bókhaldsfærslu hjá IMF (einnig kallað pappírsgull). Hægt er að greiða með þessum birgðum á alþjóðavettvandi.

**Jafnvægi í viðskiptum við útlönd**

Út frá ofangreindum skilgreiningum má sjá að eftirfarandi jafna stenst ávallt:

$$\text{Viðskiptajöfnuður} + \text{fjármagnsjöfnuður} + \text{birgðarsjóðsjöfnuður} = 0$$

**Efnahagsstefna í opnum efnahag*****Peningamálastefna og gengisskráning***

Hver verða áhrif útvíkkandi peningamálastefnu á gengi. Þegar peningamagn er aukið óvænt, eykst verðbólga og raunvextir lækka. Þetta minnkar eftirspurn eftir viðkomandi gjaldmiðli sem þýðir að hann fellur í verði. Það veru því sterk sambönd milli efnahagsstefnu og gengisskráningar.

***Fjármálastefna og gengisskráning***

Breytingar á fjármálastefnu hafa tvíhliða áhrif á gengisskráninguna. Segjum sem svo að fjárlagahall er minnkaður. Þetta verður til þess að heildareftirspurnin í þjóðfélaginu minnkar, þ.á.m. eftir influttum vörum. Vextir munu að öllum líkindum hækka sem einnig minnkar eftirspurn eftir gjaldmiðli viðkomandi. En minnkun fjárlagahalla verður einnig til þess að lánþörf stjórnvalda minnkar, sem aftur lækkar vexti. Spurning er

hvort tekur yfirhöndina, vaxtahækkun vegna minnkandi lánsþarfar eða vaxtahækkun v/minkandi eftirspurnar + minni innflutningur. Líklegast þykir að gjaldmiðilinn lækki frekar í verði (áhrif minni lántöku) a.m.k. fyrst um sinn. Þetta er rökstutt með langtíma-viðskiptasamböndum varðandi innflutning.

### J-kúrvu áhrifin

Tendens fyrir því að áhrif gengislækkunar komi ekki fram á viðskiptajöfnuði fyrr en nokkrum árum seinna. Ástæðan fyrir þessu er að skammtíma-eftirspurn eftir bæði innflutningi og útflutningi er oft óteygjin.

### **Staða alþjóða-peningamálakerfisins í dag**

Í dag er oftast um stýrða sveigjanlega gengisstefnu að ræða. Helstu þjóðir leyfa gjaldmiðli sýnum að fljóta, en margar minni þjóðir hafa fastgengisstefnu við t.d. dollar. Þetta kerfi er stýrt þar sem að stóru þjóðirnar grípa einstaka sinnum inn í með aðgerðum ef að miklar breytingar verða á gengi.

Slíkt fyrirkomulag hefur eftirfarandi kosti

- **Það er nægjanlega sveigjanlegt til þess að laga sig að alvarlegum brestum sem hafa áhrif á gengi gjaldmiðla**
- **Það leyfir þjóðun að stefna að þeirra eigin efnahagsmarkmiðum**
- **Það leysir vanda viðskiptahalla án þess að grípa þurfi til viðskiptahafta.**

.. og eftirfarandi galla

- **Það leiðir til sveiflusamrar gengisskráningar sem skapar óvissu**
- **Þar sem að ekki eru miklar kvaðir á efnahagsstjórnun þjóða má búast með meiri verðbólgu en ef um fastgengisstefnu væri að ræða**
- **Áhrif gengisbreytinga á viðskiptajöfnuð eru hægfara**

## Kafli 33 - Hagþróun og hagvöxtur

### Þróunarlönd (Less Developed Countries)

Lönd með lágar þjóðartekjur p/íbúa og einkennast af hraðri aukningu í fólksfjölda, ólæsi, fátækt og mikilli misskiptingu tekna innan þjóðfélagsins.

Erfitt er að greina nákvæm mörk milli iðnríkja og þróunarlanda. Eftirfarandi atriði eru þó sérkenni fyrir þróunarlönd:

- Lægri þjóðartekjur per íbúa
- Mikið er um sjálfsþurftarþúskap og stór hluti þjóðarinnar vinnur í landbúnaði
- Fólksfjölgun mikil
- Tekjuskipting er mjög ójöfn innan þjóðfélagsins
- Ófullkomin heilsugæsla og skólastarfsemi. Ólæsi mikið

### *Hversu stórt er hagfræðilega bilið milli iðnríkja og þróunarlanda?*

Hægt er að byrja á því að bera saman Verg Landsframleiðslu milli landa með því að nota beinan gengisútreikning. En þrátt fyrir að sú aðferð virðist duga gengur hún ekki þegar verið er að bera saman gæði milli landa sem ekki eru á alþjóðlegum markaði. Gæði samanburðagagna aukast mikið við að reikna þau út frá samhæfum kaupmætti. Útbúnar hafa verið sérstakar vísitölur sem eiga að gera landsframleiðslugögn samanburðarhæf milli landa.

### **Kaupmáttaraðferðin (Purchasing Power Parity Method)**

Aðferð við að reikna hlutfallslegan kaupmátt mismunandi landa sem byggist á því að verð samhæfðra gæða er borið saman á milli innanlandsmarkaða. Þessar upplýsingar eru síðan notaðar til þess að breyta VLF hverrar þjóðar yfir í algenga mynd (t.d. USD).

Þeir samanburðir sem hafa verið gerðir með kaupmáttaraðferðinni benda til þess að gengis-samanburðaraðferðin ofmeti tekjur iðnríkjanna m.v. tekjur þróunarlandanna. Hinsvegar kemur það í ljós við kaupmáttaraðferðina að VLF per íbúa hjá iðnríkjum sé u.þ.b. 6.5 sinnum meiri en hjá þróunarlöndum.

### ***Er vöxtur og þróun sami hluturinn?***

Fyrstu tvo áratugin eftir seinni-heimstyrjöldina var því haldið fram að þetta væri sami hluturinn og meta mætti þróun með VLF. Nú hafa skoðanir breyst og ekki er talið að öll þróun komi fram í VLF, þar sem þróun snýst ekki bara um framleiðslu per íbúa heldur ýmis normatív atriði eins og aukinn aðgang að gæðum fyrir stóran hluta þjóðarinnar, einnig fyrir þá sem eru hvað verst settir í þjóðfélaginu. Vöxtur og þróun eru hinsvegar náskyld hugtök, því vöxtur er forsenda fyrir þróun.

**Extensive Economic Growth**

Aukning í heldarframleiðslu gæða, án tillits til þess hvort framleiðsla per íbúa eykst eða ekki.

**Intensive Economic Growth**

Aukning í framleiðslu per íbúa. Þegar Intensive economic growth er til staðar er aukning framleiðslu meiri en aukning fólksfjölda.

**Rætur hagvaxtar****Fjárfesting í rekstrarfjármunum og mannauði**

Að öllu óbreyttu mun þjóð sem eykur fjárfestingu auka framtíðarhagvöxt sinn. Forsenda fyrir þessu er þó sú að fjárfest sé í arðvænlegum hlutum, þ.e. að framleiðsluverðmæti verði meira en upphafleg fjárfesting.

Oft vill það þó verða þannig hjá þróunarlöndum að þau geti aldrei safnað nægjanlega miklu fjármagni til þess að geta fjárfest. Þau eru þá sögð í vítahring vanþróunar:

Ferli lágra þjóðartekna og lítilshagvaxtar sem virðist þrífast á sjálfu sér. Þar sem að neyslukurfur þjóðarinnar eru upp á stærstan hluta þjóðartekna er lítið eftir fyrir sparnað sem orsakar það að lítið verður eftir til fjárfestingar.

Þessum vítahring hefur þó verið mótmælt með þeim rökum að ef að fjármagn skorti og lántakar eru arðvænlegir myndu erlendir fjárfestar aðstoða við lánveitingar. Ástæðan fyrir því að þeir gera það í svo litlum mæli er líklegast vegna lélegrar ávöxtunar einkum vegna óvissu varðandi eignarrétt og skrýtna löggjöf.

**Tækniframfarir (Technological Advancement)**

Það að taka upp nýja tækni gerir starfsfólki kleyft að framleiða meira en ella. Slíkar framfari lækka framleiðslukostnað og minnka þörf á starfsfólki per framleiðslueiningu. Til þess að ná fram tækniframförum þarf að fjárfesta en það reynist erfitt fyrir þróunarlöndin. Inn í tækniframfarir koma uppfinningasemi og frumkvöðlasemi. Tækniframfarir eru þó ekki beint grunnur að hagvexti þar sem allar tækniframfarir vesturlanda standa þróunarríkjunum nú þegar til boða.

**Hagkvæmni í hagskipulagningu**

Ef að efnahagsskipulag í þjóðfélagi hvetur til eyðslusemi og verðlaunar ekki uppsöfnun auðs mun hagvöxtur standa í stað. Ákveðin skilyrði verða að vera til staðar þannig að hægt sé að komast hjá eyðslu og óhagkvæmni. Hvatakerfið hvetur til framleiðslu á vörum og þjónustu sem fólk langar mest í (m.t.t. kostnaðar).

**Allocative Inefficiency**

verður ef að auðlindir þjóðar eru notaðar til að framleiða röng gæði.

Til að ná hagkvæmni í þjóðfélagi verður að hvetja framleiðendur til að nota þær aðferðir í framleiðslu sem hafa lágan fórnarkostnað. Sem dæmi: Ef að skattalög og vaxtastýringar draga úr hagkvæmri notkun fjármagns skapast velferðatap og hærri framleiðslukostnaður.

Mikilvægur hluti hagskipulags er framboð almannagæða sem skapa ytri ábata, þ.e. svokölluð yfirbygging:

### Yfirbygging (Infrastructure)

Laga- peninga-, menntunar, flutnings- og samskiptakerfi sem nauðsynlegt er fyrir hagkvæma starfsemi vöruskiptaþjóðfélags

### *Hvers vegna verða fátæk þjóðfélög áfram fátæk*

- **Pólískur óstöðugleiki dregur úr fjárfestingu og lamar vöxt**  
Því öruggari sem núverandi- og framtíðareignarréttur er skilgreindur þeim meiri fjármagnsuppbygging mun eiga sér stað. Í þróunarlöndum er oft mikið um pólitískan óstöðugleika. Kynþáttahatur og óréttlæti, stéttaskipting, mikil tekjuskipting eru megin einkennin. Oft er tekið mismunandi á málum eftir í hvaða stétt málsaðilar eru. Skynsamir fjárfestar forðast að fjárfesta þegar slíkt ástand ríkir.
- **Stefna stjórnvalda ruglar oft verðum og leiðir til óhagkvæmni**  
Stjórnvöld í þróunarlöndunum geta átt það til að beita sér fyrir verðbreytingum á hinum almenna markaði án þess að hafa nægjanlega ígrundaðan rökstuðning fyrir því. Þetta leiðir oft af sér óhagkvæmni í framleiðslu. Einnig er mikið um það að ýmis ríkisfyrirtæki keppi á hinum almenna einkamarkaði og hafi að leiðarljósi pólitísk markmið. Þetta ruglar samkeppni og skapar óhagkvæmni. Fundist hafa neikvæð tölfræðileg tengsl milli verðruglings stjórnvalda og vergrí landsframleiðslu per íbúa.
- **Peningalegur óstöðugleiki og höft á fjárm.markaði letja fjárfestingu og vöxt**  
Líkt og með pólitískan óstöðugleika dregur peningalegur óstöðugleiki úr fjárfestingu og öðrum skipum á gæðum. Þegar kaupmáttur breytist mjög mikið miðli ára (í sumum tilfellum mánaða) reynist ómögulegt að gera áætlanir fram í tímann. Peningalegur óstöðugleiki á oft meginrætur sínar að rekja til peningaprentunar stjórnvalda. Fjárfestar vilja fjárfesta þar sem þeir geta fylgst með árangri. Þegar um peningalegan óstöðugleika er að ræða er erfitt að fylgjast með velgengni þannig að fjárfestar leitast við að fjárfesta annarsstaðar. Þetta leiðir til þess að fjárfesting í arðvæn verkefni (fyrir fjárfesta og þjóðfélagið) minnkar.
- **Háir markaskattar draga úr framleiðslu**  
Hvati til mikillar framleiðslu minnkar og sjálf framleiðslan að sama skapi.
- **Viðskiptahindranir koma í veg fyrir að lönd nýti sér hlutfallslega yfirburði**  
Ef að viðskiptahindranir eru háar, getur skapast það mikil óhagkvæmni í framleiðslu að þjóð nýti sér með engu móti hlutfallslega yfirburði sína.

***Hvað geta stjórnvöld gert til þess að stefna að velferð?***

Eins og Adam Smith sagði forðum er auður þjóðar nátengdur (1) tekjum vegna sérhæfingar og viðskipta, (2) stækkun markaðarins og (3) því að komast að því hvernig betur megi gera hlutina. Stjórnvöld sem virða séreignarrétt og frelsi til vöru/peningaskipta meðan fjármála og peningamálastefna er stöðug bera allt til þess að fá vöxt í hagkerfið.

## Kafli 34 - Hagkerfi

Öll hagkerfi, þrátt fyrir mismunandi einkenni, þurfa að kljást við svipuð vandamál. Skortur allra hagfræðilegra gæða stendur bæði frammi fyrir einstaklingum og þjóðfélögum, þar sem velja þarf og hafna. Mörg hagræðileg hugtök eru sameiginleg með öllum hagkerfum, eins og t.d.

- **Fórnarkostnaður**  
Hægt er að hafa hagkerfi þannig að þegar fái ýmsar vörur "ókeypis", þ.e. án þess að bera beinan kostnað, en stjórnendur hagkerfisins standa hinsvegar frammi fyrir fórnarkostnaðinum við afhendingu þessara gæða. Frí lækniþjónusta þýðir t.d. það að stjórnvöld þurfa að fórna einhverju öðru í staðin.
- **Minnkandi afrakstur**  
Ef einn þáttur framleiðslu er aukinn en hinir fastir minnkar framleiðsluaukningin við hverja aukna einingu.
- **Hlutfallslegir yfirburðir og hagkvæmi**  
Heildarframleiðsla er verðmætust þegar hver vara er framleidd af þeim sem hefur lægsta fórnarkostnað til framleiðslu. Að láta þá framleiða sem hafa háan fórnarkostnað er bein óhagkvæmni, sama hvort um er að ræða í kapítalísku landi eða socialísku.
- **Lögmálið um eftirspurn**  
Lögmálið um eftirspurn kveður á um að eftirspurnarmagn sé í öfugu sambandi við verð. Lögmálið um eftirspurn er jafngilt í hvaða hagkerfi sem er.

### *Hvatar skipta máli*

Breytingar í hvatakerfi hagkerfis breyta hegðun manna án tillits til hagkerfis.

## ***Samanburður kapítalísma og sósíalísma***

### **Sósíalismi**

Efnahagskerfi þar sem (a) eignarréttur og stjórnun allrar framleiðslu liggur hjá ríkinu og (b) auðlindadreifing er miðstýrð í stað þess að vera ákveðin af markaðsöflum

Hvert hagkerfi hefur ákveðin lög sem segja til um hvernig eignarréttur sé